

Handbók

tungumálamiðstöðva

Leiðarvísir að uppsetningu,
rekstri og stækkun
tungumálamiðstöðva



Improving support for language learning through
Language Resource Centres



improving support for language learning through
Language Resource Centres

Handbók tungumálamiðstöðva

**Leiðarvísir að uppsetningu, rekstri og
stækkun tungumálamiðstöðva**

**Skrifað og ritstýrt
af
verkefnisaðilum tungumálamiðstöðva**



Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu innan Sókrates-áætlunarinnar.

Frumtitill á ensku: *The Language Resource Centre handbook: guidelines for setting up, running and expanding Language Resource Centres (LRCs)*

Titill á íslensku: *Handbók tungumálamiðstöðva: Leiðarvísir að uppsetningu, rekstri og stækkun tungumálamiðstöðva*

Íslensk þýðing: Ásthildur H. Jónsson, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Eiríkur Sturla Ólafsson, Helga Soffía Einarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Jóhanna Jakobsdóttir, Guðrún H. Tulinius, María Rán Guðjónsdóttir, Niels Rask Vendelbjerg, Ragnhildur Ragnarsdóttir.

Fyrst gefið út á ensku árið 2003 af:

Kastaniotis útgáfu SA

11, Zalogou Street, 10678 Athens, Greece

Sími: +30 210 3301208 Bréfasími: +30 210 3822530

Netfang: info@kastaniotis.com

Veffang: www.kastaniotis.com

Höfundarréttur © LRC project partners 2003

Útgáfu þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósrítun, prentun, hljóðrítun eða dreifa rafrænt án þess að geta heimilda á eftirfarandi hátt:

LRC project partners, *The Language Resource Centre handbook: guidelines for setting up, running and expanding Language Resource Centres (LRCs)* (Athens: Kastaniotis Editions, 2003)

E f n i

AÐFARAORÐ	7
ORÐSKÝRINGAR OG LYKILL AÐ SKAMMSTÖFUNUM	10
STJÓRNUN	11
MARKMIÐ OG SJÓNARMÍÐ STOFNANNA	11
Markmið	11
Raundæmi: Gagnamiðstöð erlendra tungumála (CRLE), Barcelona (Centre de Recursos de Llengües Estrangeres)	
<i>Markmið CRLE</i>	11
Raundæmi: Stofnun fyrir tungumál og fagþjálfun við Karlsháskóla í Prag (Institute of Language and Specialist Training of Charles University)	
<i>Hvers vegna tungumálamiðstöðinni var komið á laggirnar, hlutverk hennar og aðferðafræðin að baki henni</i>	12
Ákvarðanatökur, greinargerðir og samstarf	12
Skipulagning	13
Fjárhagsáætlun og fjármál	13
Raundæmi: Miðstöð fyrir endurmenntun kennara og menntunarnýbreytni (CFIE), Guardo (Teacher Training and Educational Innovation Centre)	
<i>Hvernig árleg áætlun miðstöðvarinnar (innan tiltekins fjárhagsramma) er skipulögð og grundvölluð á þarfagreiningarkerfi sem tekur til starfsfólks og notenda</i>	13
Kynning, ímynd og markaðssetning	14
Raundæmi: Austurríska málhæfnismiðstöðin (ÖSpK), Graz (Österreichisches Sprachen-Kompetenz-Zentrum)	
<i>Hvernig má skapa tungumálamiðstöð ímynd án faglegrar aðstoðar og án mikils fjármagns</i>	14
STARFSFÓLK	15
Á hverjum er þörf?	15
Ráðningar	15
Samræming og greinargerðir	15
Fagleg þróun	16
Starfsmannafulltrúar og stuðningur	16
Raundæmi: Samtök enskukennara í Galísíu (APIGA), Spáni (Association of Galician English Language Teachers)	
<i>Sjálfboðaliðar: námsmenn í starfsþjálfun hjá tungumálamiðstöð APIGA</i>	16
SVÖRUN OG MAT	17
HUGVERKARÉTTUR/HÖFUNDARÉTTUR	17
HEILSA OG ÖRYGGI, STARFSUMHVERFI	17
Tryggingar/skaðabótaskylda	18
HAGNÝTIR ÞÆTTIR	18
GAGNLEGIR TENGLAR	18
NOTENDUR	19
MARKHÓPAR	19
Nemendur	19
Kennslustarfslið	19

Fólk í ákvarðanastöðu innan tungumálamentunar og miðlara	19
Stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar	20
Raundæmi: Upplýsingamiðstöð fyrir tungumálakennslu og -rannsóknir (CILT), London (The Centre for Information on Language Teaching and Research)	
<i>Með þarfi breiðs hóps notenda að leiðarljósi</i>	20
AÐGANGUR OG TJÁSKIPTI	20
Notendur með sérþarfir	21
Raundæmi: Stofnun fyrir mál- og talvinnslu (ILSP), Aþenu (Institute for Language and Speech Processing), Aþenu (Institute for Language and Speech Processing)	
<i>Mismunandi tjáskiptaform milli ILSP og notenda</i>	21
NÝIR NOTENDUR?	22
Raundæmi: Evrópsk miðstöð fyrir menntun og þjálfun (ECET), Sófú (European Centre for Education and Training)	
<i>'Happy Puppy' og 'Linguaeace': Uppsetning nets tungumálamiðstöðva fyrir tiltekna hópa (unga nemendur og fríðargæslumenn)</i>	22
GAGNLEGIR TENGLAR	23
ÞJÓNUSTA OG ÚRRÆÐI	24
ÞJÓNUSTA	24
Kennslufræðilegur stuðningur	24
Upplýsingar og upplýsingaþjónusta	24
Önnur þjónusta	25
Tækniástoð	25
Raundæmi: Menntamálanefnd Finnlands (NBE-FI), Finlandi (National Board of Education)	
<i>Hvernig er rammaáætlun Evrópu í tungumálanámi og -kennslu (Common European Framework/CEF) löguð að námskrá hvers lands</i>	25
Raundæmi: Miðstöð fyrir nýbreytni í menntun og þjálfun (CINOP), Hollandi (Centre for Innovation and Training)	
<i>Notkun hollensku tungumálamöppunnar í starfsmenntanámi í tungumálamiðstöðvum svæðisbundinna starfsmenntaskóla í Hollandi</i>	26
Raundæmi: Fjarnámsmiðstöð CDI Univerzum, Ljubljana (CDI Univerzum, Center for Distance Education)	
<i>Nýbreytni í rekstri: breytingar útfærðar til að stuðla að nemendamíðaðri nálgun við les- og talfærni í tungumálamiðstöðinni</i>	26
ÚRRÆÐI	27
Aðbúnaður	27
Efni	28
Raundæmi: Gagnamiðstöð erlendra tungumála (CRLE), Barcelona (Centre de Recursos de Llengües Estrangeres)	
<i>Útvegur úrræða á mismunandi formi og hvernig kennarar nota þau</i>	28
Raundæmi: Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands, Reykjavík	
<i>Sköpun netúrræða með útgáfu verka nemenda á veraldarvefnum</i>	29
Innkaupastefna	30
Skráning	30
Raundæmi: Miðstöð nútímamála innan Evrópuráðsins (ECML), Graz, Austurríki (European Centre for Modern Languages of the Council of Europe)	
<i>Áfangar á þeirri leið að fá nýtt bókasafnsstjórnunarkerfi fyrir skjala- og bókasafnsmiðstöð á vegum ECML sem opnar fyrir netaðgang að skrá</i>	31
Raundæmi: Upplýsingamiðstöð um tungumálakennslu og -rannsóknir (CILT), London (The Centre for Information on Language Teaching and Research)	
<i>Aðgangur veittur að skrá CILT í gegnum Netid</i>	31
Framsetning gagna	32
Raundæmi: Tungumálástöð Lúxemborgar (CLL), Lúxemborg (Centre des Langues Luxembourg)	
<i>Haldið utan um gögn á ólíkum tungumálum: skipulagning og uppsetning efnis á átta tungumálum í gagnamiðstöð með frjálsum aðgangi</i>	32

ÚTBREIÐSLA/EFLING TUNGUMÁLANÁMS OG FJÖLMENNINGARLEGRAR VITUNDAR	33
Raundæmi: Tungumálastöð Háskóla Möltu (University of Malta Language Centre)	
<i>Fjölmenningarleg vitund efld í gegnum tungumálanám</i>	33
Raundæmi: Æfinga- og þjálfunarmiðstöð kennara í upplýsinga- og aðferðafræðum (PTMIK), Veszprem, Ungverjalandi (In-service Teacher Training Centre for Methodology and Information)	
<i>Þvermenningarleg vitund styrkt í viðburðum með fjölmenningarlegu ívafi í Tungumálastöðinni</i>	34
BOÐIÐ UPP Á NÝJA ÞJÓNUSTU	35
GAGNLEGIR TENGLAR	35
AÐSTAÐA	37
ATHAFNASVÆÐIÐ	37
Staðsetning / nýting rýmis	37
Raundæmi: Tungumálastöð Lúxemborgar (CLL), Lúxemborg (Centre des Langues Luxembourg)	
<i>Úr bókasafni í sjálfsnámsmiðstöð: að breyta hefðbundnu bókasafni í nútímalega margmiðlunar- og námsmiðstöð</i>	38
HÚSGÖGN OG BÚNAÐUR	39
Húsgögn	39
Búnaður	39
Skilti og upplýsingar	40
AÐGENGI OG ANDRÚMSLOFT	41
Aðgengi	41
Andrúmsloft	41
Önnur aðstaða fyrir notendur	41
KYNNING OG STÆKKUN Á TILTÆKRI AÐSTÖÐU	41
GAGNLEGIR TENGLAR	41
HEIMILDASKRÁ	42
AÐSTANDENDUR	44

Aðfaraorð

LRC verkefnið

Árið 2001 hófu sextán stofnanir frá þrettán evrópskum löndum og Evrópumíðstöð nútímamála innan Evrópuráðsins að vinna saman í evrópsku verkefni¹ með það markmið að *efla stuðning við tungumálanám í tungumálamiðstöðvum (LRCs)*. Hugmyndin á bak við verkefnið er að bæta faglega þekkingu og samskipti á meðal þeirra sem sjá um tungumálamiðstöðvar með því að miðla reynslu eftir mismunandi landfræðilegum, málvísindalegum, menningarlegum og menntalegum bakgrunni.

Á undanförunum árum hefur komið fram aukin vitund almennings og stjórn mála á þeim hag sem hafa má af því að nema erlent tungumál auk þess sem aukin viðurkenning á þörfinni til að halda uppi mismunandi námsaðferðum og til að hvetja til sjálfnáms í tungumálanámi. Þessir tveir þættir hafa leitt til sköpunar margra nýrra tungumálamiðstöðva í öllum geirum menntunar og þjálfunar og til útpenslu margra miðstöðva sem þegar voru til.

Nú á dögum er hægt að finna tungumálamiðstöðvar á mörgum mismunandi stigum:

- frá skólum til háskóla
- á héraðs-, lands- og alþjóðastigum til að styðja við kennara og rannsakendur
- í fyrirtækjum og einkatungumálaskólum
- í þjálfunar- og menntageiranum
- jafnvel í sýndarveröldinni, á veraldarvefnum.

Allir aðilar sem tengjast tungumálamiðstöðvarverkefninu eiga a.m.k. eitt sameiginlegt – þeir eru allir ábyrgir fyrir rekstri eða stuðningi við einhvers konar tungumálamiðstöð. Tungumálamiðstöðvarnar sem kynntar eru í verkefninu hafa sín á milli mjög fjölbætt svið verkefna og koma til móts við mismunandi notendur sem ræðst af samhenginu sem þær vinna í:

- sumar tungumálamiðstöðvar koma aðeins til móts við nemendur
- sumar koma aðeins til móts við kennara, þjálfara, rannsakendur, stefnumótendur og aðra ‘miðlara’
- sumar tungumálamiðstöðvar þjóna öllu menntakerfi þess héraðs eða lands sem þær tilheyra (með því að stuðla að nýbreytni, veita stuðning, afla styrkja og þjálfunar)
- sumar tungumálamiðstöðvar þjóna öllum þessum mismunandi notendahópum ... og fleiri.

Samt sem áður erum við fullviss um að þrátt fyrir þessa fjölbreytni – eða kannski einmitt vegna hennar – gætum við lært mikið hvert af öðru og af hinum mismunandi sviðum sérþekkingar og reynslu.

Tungumálamiðstöðvar hafa mörg mismunandi nöfn sem ráðast af hinu landfræðilega, málvísindalega og skipulagslega samhengi sem þær eru byggðar á. Vegna þessa höfum við ákveðið að vera eins frjálslæg og við getum og höfum ákveðið að túlka hugtakið ‘Language Resource Centre’ í víðasta skilningi hugtaksins í þessari útgáfu.

¹ Verkefni tungumálamiðstöðvanna (90050-CP-1-2001-UK-Lingua-L1) fékk stuðning frá Sókrates-áætlun Evrópusambandsins (Lingua 1 action) 2001-2003

Þess vegna látum við hugtakið ‘Language Resource Centre’ fela í sér það sem aðrar stofnanir myndu vísa til sem: tungumálamiðstöð, sjálfsnámsmiðstöð, sjálfsnámsbókasafn, sjálfstæð námsmiðstöð, gagnamiðstöð, kennaramiðstöð, gagnastofa, tungumálabókasafn (...)

Fyrir okkur eru hin auðkenndu frumatriði þau að tungumálamiðstöð útvegar þjónustu (að meðtöldum úrræðum) og **aðstöðu** fyrir **notendur til þess að styðja** við sérstakt markmið eða ‘verkefni’ sem er tengt tungumálanámi, kennslu, hagnýtum málvísindum eða rannsóknum á einhverju þessara sviða.

Miðstöðin getur verið í horni eins herbergis eða heil bygging. Þjónustan sem veitt er getur verið hlustunaraðstaða fyrir nokkra aðila og dagblöð eða allt sem stendur í þjónustuhluta þessarar útgáfu. Notendur geta verið nokkrir nemendur í nokkrar klukkustundir á viku, eða þúsundir notenda frá mismunandi svæðum og með mismunandi þarfir, en fyrir tilgang þessarar útgáfu er einingin sem útvegar þessa þjónustu kölluð Language Resource Centre LRC, þ.e.a.s. tungumálamiðstöð.

Handbók tungumálamiðstöðva

Í upphafi tungumálamiðstöðvarverkefnisins skiptust menn á upplýsingum til að komast að styrk og sérþekkingu hvers þátttakanda. Ákveðið var að reyna að festa í rit hugmyndir, heilræði og fordæmi í góðum rekstri – svo ekki sé minnst á lexíur sem menn hafa lært af mistökum sínum – sem dreift yrði til þeirra sem tóku ekki þátt í verkefninu frá upphafi. Afraksturinn er þessi bæklingur, *Handbók tungumálamiðstöðva: leiðarvísir að uppsetningu, rekstri og stækkun tungumálamiðstöðva*.

Stefnt var að því að gera handbókina eins gagnlega og einfalda í sniðum og mögulegt væri „svipað því að tala við samstarfsfélagi,” eins og einn þátttakandi orðaði það. Einnig var ákveðið að láta stutt raundæmi af raunverulegri starfsemi hinna ýmsu tungumálamiðstöðva fylgja til skýringar.

Markmiðið var að skapa eitthvað gagnlegt fyrir „hvern þann sem er viðriðinn uppsetningu, rekstur eða stækkun tungumálamiðstöðvar”. Til dæmis er vonast til þess að *Handbók tungumálamiðstöðva* muni reynast kennurum gagnleg við uppsetningu lítilla tungumálamiðstöðva í grunnskólum og að hún komi auk þess að góðum notum fyrir starfslíð stórra, rótgróinna miðstöðva sem vilja endurskoða starfssemi sína eða fá nýjar hugmyndir til að bæta starfsaðferðir.

Þau atriði sem tekin eru fyrir í handbókinni eiga ekki öll við allar tungumálamiðstöðvar og því er sannarlega ekki haldið fram að það sé einhver ein *rétt* leið til að reka tungumálamiðstöðvar. Þess vegna var ákveðið að setja upp gátlista yfir meginatriði hvers kafla sem röð spurninga til að hjálpa lesendum að átta sig á málefnum og ákveða hvort þau eigi við eða gagnist tungumálamiðstöðvum þeirra. Það kann að reynast gagnlegt við notkun handbókarinnar að ímynda sér að hver spurning hefjist á „Ef við á, (...)”.

Handbók tungumálamiðstöðva hefur einnig verið hönnuð með faglega nýtingu í huga. Hana má ljósrita með því skilyrði að vitnað sé til frumútgáfunnar og vonast er til að snið og umbrot hennar reynist gagnlegt í vinnustofum og við þjálfun. Auk gátlista og raundæma í hverjum kafla er að finna gagnlegar *ábendingar* frá þátttakendum verkefnisins og hagnýta *tengla* sem lesendur geta nýtt sér til að nálgast frekari upplýsingar um ákveðið efni á veraldarvefnum.

Síðastliðin tuttugu ár hefur fjöldi einstaklinga og stofnana komið að þróun þeirrar ‘listar’ að reka árangursríka tungumálamiðstöð. Þeir sem gefið hafa út efni, haldið vinnustofum og fyrirlestra um tungumálamiðstöðvar (eða

‘sjálfsnámsmiðstöðvar’) í gegnum tíðina eiga þakkir skyldar og vonast er til að *Handbók tungumálamiðstöðva* muni stuðla að samskiptum milli þátttakenda. Sérstaklega hefur vinna Edith Esch, David Ingram, David Little, Judy McCall, Nicole Poteaux, Philip Riley, Sue Sheerin, Evrópusamtaka tungumálamiðstöðva á háskólastigi (CERCLES) og CIEL-verkefnisins reynst gagnleg við undirbúning þessarar útgáfu.²

Handbók tungumálamiðstöðva er fáanleg á sextán evrópumálum³ hlutaðeigandi þátttakenda: búlgörsku, ensku, finnsku, frönsku, galísísku, grísku, hollensku, íslensku, katalónsku, lúxembúrgísku, maltnesku, slóvensku, spænsku, tékknesku, ungversku og þýsku.⁴

Vonast er til að útgáfa þessi reynist gagnleg og allar athugasemdir og tillögur eru vel þegnar (sendist til: **feedback@lrcnet.org**). Einnig er vonast til að fólk heimsæki LRC-vefgáttina www.lrcnet.org sem verður á netinu þangað til 2005 í það minnsta. Á LRC-vefgáttinni má taka þátt í samræðum á netinu um málefni tungumálamiðstöðva, hlaða niður öllum tungumálaútgáfum *Handbókar tungumálamiðstöðva* auk þess að fá aðgang að frekari heimildum, upplýsingum og stuðningi.

Philippa Wright

Verkefnastjóri

Fyrir hönd allra þátttakenda verkefnisins sem skráðir eru í kaflanum ‘Aðstandendur’

² Full heimild í heimildaskrá aftast í þessu riti

³ Hægt að prenta eða hlaða af LRC-vefgáttinni: www.lrcnet.org

⁴ LRC þiggur með þökkum þýðingar á handbókinni á önnur tungumál (innan Evrópu sem utan)

Orðskýringar og lykill að skammstöfunum

CEF	Sameiginlega evrópska rammaáætlunin í tungumálakennslu og -námi
ELP	Evrópsk tungumálamappa (European Language Portfolio)
ESB	Evrópusambandið
ISBN	Alþjóðlegt raðnúmer bóka (International Standard Book Number)
LRC	Tungumálamiðstöð (Language Resource Centre)
MARC	Véllesaleg skrá (MACHINE Readable Catalogue)
Miðlari	Sá sem er í þeirri faglegu aðstöðu að miðla upplýsingum til annarra innan fagsins (multiplier)
OPAC	Opið bókasafnskerfi (Open Public Access Catalogue)
Sérþafir	Námsörðugleikar eða fötlun sem krefst annars konar menntunaraðstöðu en þeirrar sem venjulega er til staðar
Staðalaðferðir	Röð matsaðferða sem nota þarf til að tryggja áreiðanlega túlkun á frammistöðu nemenda. (Standard setting)

STJÓRNUN

Að baki hverrar tungumálamiðstöðvar liggur að koma til móts við þarfir ákveðins notendahóps eða -hópa. Hverjir þessir notendur eru og hvaða þjónustu þeim er boðin ætti helst að byggja á ígrundaðri þarfagreiningu og ætti að skilgreina á skýran hátt í 'markmiðsyfirlýsingunni'. Tegund starfsliðs, gagna og aðstöðu ætti helst að vera í samræmi við það sem þarf til að hægt sé að veita umsamda þjónustu.

Til að þetta nái fram að ganga hafa tungumálamiðstöðvar oft reynt annars konar samsetningu starfsliðs, aðstöðu og þjónustu en venja er innan hefðbundinna tungumáladeilda eða annarra stofnana. Þessar nýju samsetningar eru krefjandi þegar kemur að þeim stjórnunarhæfileikum sem til þarf. Ráðgjöf, ákvarðanataka, skipulagning og skýrslugerð kunna að vera flóknari en innan annarra menntakerfa.

Flestir stjórnendur tungumálamiðstöðva (til dæmis forstöðumenn og verkefnastjórar) eru hinsvegar svo lán-samir að vinna í hvetjandi, fjölmenningarlegu umhverfi þar sem þeir geta nýtt sérþekkingu og dugnað fjölhæfs hóps fagfólks. Eins og með alla hópvinnu þá skiptir góð samvinna, samhæfing, samskipti og virkir stjórnunarhættir miklu máli til að tryggja að þjónusta sé fullnægjandi og rekstur tungumálamiðstöðvarinnar hnökralaus.

Markmið og sjónarmið stofnanna

Markmið

- Hvers vegna er tungumálamiðstöðin til – þ.e.a.s. hvert er hlutverk/tilætlan/tilgangur hennar?
- Á hvers konar menntastefnu/-aðferð grundvallast starfsemi tungumálamiðstöðvarinnar?
- Hafa notendur/notendahópar verið tilgreindir á skýran hátt?
- Er tungumálamiðstöðin þegar stofnuð og eru áform um þróun/stækkun á grundvelli ítarlegrar þarfagreiningar?
- Fyrirfinnst skýr markmiðsyfirlýsing fyrir tungumálamiðstöðina og þekkir starfsliðið til hennar?

Raundæmi

Gagnamiðstöð erlendra tungumála (CRLE), Barcelona (Centre de Recursos de Llengües Estrangeres)

Markmið CRLE

Gagnamiðstöð erlendra tungumála (CRLE) var stofnuð sem menntunarþjónusta innan menntamálaráðuneytis Katalóníu með það að markmiði að bæta þekkingu og kennslu á erlendum tungumálum.

CRLE þarf að fylgja eftirfarandi atriðum:

- að prófa og miðla nýstárlegum nálgunum við kennslu erlendra mála sem og nýjum námstækjum og tólum
- að vinna nýtt námsefni fyrir grunn- og gagnfræðaskóla
- að setja á laggirnar heimildasöfn til stuðnings tungumálanámi og -kennslu

- að veita ráðgjöf við endurmenntunarverkefni og starfssemi í skólum
- að miðla upplýsingum um fyrirmyndarstarfsemi innan fagsins
- að sjá kennarastofnunum fyrir viðeigandi efni
- að hanna miðstýrð próf fyrir Escoles Oficials d'Idiomes (tungumálaskóla hins opinbera).

Til að mæta þessum kröfum hafa mismunandi verkefni til lengri og/eða skemmri tíma verið skipulögð, prófuð, áætluð og framkvæmd. Góður árangur á reynslutíma tilraunaverkefna leiðir til, þar sem við á, samræmingar á starfsemi og stefnum.

Raundæmi

Verkefni hafa breyst í gegnum sögu CRLE að því leyti að þau hafa fylgt straumum og stefnum hvers tíma og breyttum þörfum. Á níunda áratugnum var lögð áhersla á að kynna og styðja við notkun hljóð- og sjónrænna gagna í kennslustofunni, skipulagningu skipti-nemaverkefna og sumarnámskeiða fyrir nemendur. Upp á síðkastið hefur kastljósinu verið beint að verkefnum eins og ICT samþæt-

tingarstefnum, innleiðingu erlendra mála á unga aldri, stuðningi við sjálfsnám á grunnskólastigi eða þverfaglega kennslu í tungumálum.

Þörfin fyrir að meta tungumálanámskeið erlendra mála hefur leitt til þátttöku í stórum rannsóknum, innlendum sem alþjóðlegum, um áhrif enskukennslu í Katalóníu á mismunandi stigum skólakerfisins.

Raundæmi
**Stofnun fyrir tungumál og fagþjálfun við Karlsháskóla í Prag
(Institute of Language and Specialist Training of Charles University)**

Hvers vegna tungumálamiðstöðinni var komið á laggirnar, hlutverk hennar og aðferðafræðin að baki henni

Tvær ástæður eru fyrir því að hluti kennslu- og námsferlisins hefur verið settur undir tungumálamiðstöðina. Fyrst var það krafa frá nemendum sjálfum sem eru undir áhrifum breytinga sem eiga sér stað innan hinna tæknivæddu samfélaga nútímans, og verða að berjast fyrir svigrúmi á alþjóðlegum atvinnumarkaði þar sem samkeppni er hörð. Flestir nemendanna er ungt fólk sem skráir sig á tungumálanámskeið í ákveðnum tilgangi. Þetta fólk er tilbúið að leggja á sig vinnu utan kennslustofunnar en það þarf leiðsögn. Tungumálamiðstöðin hefur reynt að koma til móts við þessa 'viðskiptavinum' með einstaklingsbundnari nálgun. Með hliðsjón af hugmyndum fjölmargra nýlegra kennslubókahöfundar var byrjað að:

- veita nemendum aukin tækifæri til að velja sér viðfangsefni í reglulegum tímum
- hvetja þá til að búa til sitt eigið efni
- veita aukna viðtalstíma og ráðgjöf.

Samtímis hefur verið unnið að því að finna leiðir sem kynda undir námsáhuga metnaðarlausari nemenda og styðja kennara í því flókna starfi að hafa eftirlit með hópum sem vinna að mismunandi verkefnum á sama tíma. Þannig hefur verið reynt að finna árangursríkari aðferðir fyrir alla í kennslu og námi.

Hin ástæðan eru nýjar kenningar um aðferðir við kennslu og nám í erlendum málum. Tekið var þátt í ECML-vinnustofunni 1999 ECML-Workshop "Language Resource Centres:

shifting from the teacher's perspective to the learner's perspective" (sjá Poteaux í heildarheimildaskrá) árið 1999. Þessi þátttaka varð til þess að efla hugmyndir um nám sem ferli sem nemandinn stýrir, ekki sem ferli þar sem kennari ákveður hvernig nemandi lærir. Þetta færði heim sanninn um að sjálfstætt nám mætti efla með að skapa því viðeigandi umhverfi, þ.e.a.s. tungumálamiðstöð.

Það reyndist hins vegar minna mál að setja litla tungumálamiðstöð á laggirnar en að undirbúa nemendur fyrir þetta nýja hlutverk. Hér að neðan má finna yfirlit yfir þau verkefni í vinnslu sem eiga að hjálpa námsmönnum að verða sjálfstæðari og þar með betri tungumálanemendur:

- að setja saman námsskrá sem tekur tillit til reynslu fullorðinna námsmanna og þarfa ákveðinna námshópa
- að hjálpa nemendum að gera sér grein fyrir að þeir þurfi að halda áfram að læra tungumálið eftir að þeir yfirgefa kennslustofuna
- að hjálpa nemendum að öðlast þá færni sem þeir þurfa til að ná árangri, þ.e.a.s.:
 - skilgreina námsþarfir þeirra og setja markmið
 - skilgreina umfang og framfarir þeirra í náminu
 - velja þær námsleiðir sem gagnast hverjum einstaklingi best
 - fylgjast með þróun námsins
 - meta námsárangurinn.

Ákvarðanatökur, greinargerðir og samstarf

- Hversu sjálfstæð er tungumálamiðstöðin?
- Er tungumálamiðstöðin hluti af stærri stofnun eða deild?
- Er þjónusta við fjölda mismunandi deilda/notendahópa (er það mögulegt/æskilegt)?
 - Ef svo er, hefur stig/umfang hennar verið skilgreint á skýran hátt?
 - Verður starfssemin að vera í samræmi við 'þjónustustigssamninga'?
 - Hvernig er þessi þjónusta fjármögnuð (með fjárveitingu eða gjaldtöku)?
- Hvert er stig stjórnanarlegra/fjárhagslegra ákvarðana sem má taka innan tungumálamiðstöðvarinnar og hvaða ákvörðunum þarf að vísa annað?
 - Er öllum hlutaðeigandi þetta ljóst?

- Þarf að svara til einstaklings eða stjórnunarnefndar/verkefnisstjórnar?
- Hvert er ákvarðana-/skýrsluferlið?
 - Er öllum hlutaðeigandi það ljóst?
 - Er hægt að endursemjá um samráðsferlið ef þess þarf til að tungumálamiðstöðin geti fylgt straumum og stefnum tíðarandans?
- Notar tungumálamiðstöðin miðlæga þjónustu (til dæmis hvað varðar tæknilega aðstoð/starfsfólk) – er grundvöllur þessara sambanda ljós?
- Er skilningur fyrir allri þjónustu og aðstöðu sem fyrirfinnst í stofnuninni og er vissa fyrir því að notast sé við þá sérþekkingu sem er til staðar?

Ábending

➔ Hægt er að biðja um aðstoð frá öðrum tungumálamiðstöðvum, einkum ef miðstöðin er lítil.

Skipulagning

- Er fyrirtækjaáætlun fyrir tungumálamiðstöðina til staðar (*árs-* eða *þróunaráætlun*) og ef svo er, hversu langt fram í tímann er mögulegt eða nauðsynlegt að skipuleggja?
- Hver er núverandi staða – hver eru helstu stefnu- og rekstrarmarkmið sem vinna skal að til lengri eða skemmri tíma?
 - Hver er raunveruleg yfirsýn þróunar hjá tungumálamiðstöðinni?
 - Hefur verið framkvæmd hagkvæmnirannsókn til þess að kanna hvað felst í stærri verkefnum?
- Hverjir koma að skipulagningarferlinu – allir hagsmunaaðilar, þar með talið starfsfólk og notendur?
 - Er það skýrt við hverja þarf að ráðfæra sig (t.d. stúdentafulltrúa) og hvaða ráðgjafaaðferðir eiga best við?

Ábending

➔ Ekki gleyma að taka alla hagsmunaaðila til greina, allt frá kostendum til notenda.

Fjárhagsáætlun og fjármál

- Hversu mikið vald hefur tungumálamiðstöðin til að ákveða og ráðstafa eigin fé?
- Er fjárhagsáætlun gerð árlega, tvisvar eða þrisvar á ári?
- Þarf að bjóða í eða semja um fjármögnunarstig – ef svo er, á hvaða grundvelli?
- Þarf tungumálamiðstöðin að þéna prósentuhlutfall af tekjum sínum?
 - Ef svo er, hvernig – með kennslu/þjónustuframboði og aðstöðu, eða með verkefnavinnu?
 - Er vitneskja um hvar hægt er að finna verkefnatækifæri/útboð?
- Eru hömlur á ráðstöfun fjár (til að panta eða tilkynna) skýrar þeim sem þurfa að vinna eftir þeim?
- Ef tungumálamiðstöðin er hluti af stærri stofnun, hver/hvaða deild kann að veita henni fjárhagslegan stuðning?

Raundæmi

Miðstöð fyrir endurmenntun kennara og menntunarnýbreytni (CFIE), Guardo (Teacher Training and Educational Innovation Centre)

Hvernig árleg áætlun miðstöðvarinnar (innan tiltekings fjárhagsramma) er skipulögð og grundvölluð á þarfagreiningarkerfi sem tekur til starfsfólks og notenda

CFIE í Guardo er ein þriggja miðstöðva æfingakennslu og nýsköpunar í menntamállum í Palencia héraði á norður Spáni. Árleg framkvæmdaáætlun fylgir ákveðinni tímaáætlun og skýrt afmörkuðum stigum, á þann hátt eru allir sem koma að ferlinu fyrirfram meðvitaðir um ábyrgð sína og skyldur.

Fyrsta stig ferlisins hefst í janúar með fundi Héraðsnefndar um menntun kennara þar sem allir fulltrúar æfingakennslumiðstöðvanna þriggja eiga sæti, sem og ákvörðunaraðilar frá menntanefnd Palencia. Þessi nefnd ákveður nákvæmlega hvernig samráðs- og skipulagningarferlið verði útfært á komandi

Raundæmi

ári. Samið er um:

- dreifingu ábyrgðar
- áætlun hvers stigs ferlisins
- fyrirmyndir að spurningarlista fyrir þjálfu-
narþarfagreiningu
- mögulegt þjónustustig í samræmi við til-
tækan mannafla og fjárhag.

Samkomulagi er náð með góðri samvinnu.

Héraðsnefnd um menntun kennara fær ár-
lega fjárveitingu frá menntamálaráðuneytinu
fyrir starfsemina. CFIE-miðstöðvarnar þrjár
skipta ráðstöfunarfénu á milli sín í samræmi
við notendafjölda hvers og eins. Á þennan
hátt er vitað fyrirfram, í maí, hvaða fjárhæð
er í boði fyrir næsta skólaár.

Meðal starfsfólks í æfingakennslu miðstöðva
eru 'ráðgjafar' sem starfa sem milligöngumenn
á milli CFIE og ákveðins fjölda skóla. 'Ráðg-
jafinn' er sá sem ber ábyrgð á að halda upp-
hafsfund með hverjum skóla (fulltrúar þeirra
eru stjórnendahópar og kennarar sem bera
ábyrgð á áframhaldandi faglegri þróun). Á þes-

sum fundi eru spurningalistar til þarfagreiningar
á þjálfun útskýrðir og samið um hvenær ráð-
gjafinn getur nálgast niðurstöðurnar. Ráðgjafinn
ber ábyrgð á að draga saman æfingaparfir ken-
nara í hverjum skóla í skýrslu sem kynnt er á
starfsmannafundi CFIE.

Þegar farið hefur verið yfir allar beiðnir
skólanna um þjálfun og þær bornar saman eru
þær skoðaðar með hliðsjón af ráðstöfunarfé
miðstöðvarinnar. Þá er hægt að forgangsraða
og ákveða hvaða starfsemi og viðburðum er
hægt að hrinda í framkvæmd og til hvaða nýju
úrræða má grípa á komandi ári. Forstöðu-
maður miðstöðvarinnar kynnir Héraðsnefndin-
ni þessar ákvarðanir sem síðan miðlar þeim til
menntamálaráðuneytis héraðsins og þá er ár-
leg framkvæmdaáætlun tilbúin.

Reynslan hefur kennt að galdurinn við að lá-
ta ferlið ganga greiðlega eru góð samskipti,
sérstaklega á milli skóla og ráðgjafa CFIE og
á milli ráðgjafa CFIE og annars starfsfólks
miðstöðvanna.

Ábending

- ➔ Takið eftir 'leyndum kostnaði' eins og hugbúnaðarleyfum og viðhaldssamningum þegar tungumálamiðstöðinni er komið á laggirnar.

Kynning, ímynd og markaðssetning

- Er 'samskiptastefna' til staðar sem tilgreinir markmið, aðferðir, aðgerðaáætlanir og matsaðferðir fyrir tungu-
málamiðstöðina?
 - Á grundvelli hvers er þessi stefna endurskoðuð?
- Er auðkennandi 'stíll' á skjölum/sýningum/miðlum tungumálamiðstöðvarinnar sem virkar sem sjónrænt
kennimark hennar?
- Er lógó til staðar til þess að koma í mynd stofnunarinnar á framfæri eða er leyfi fyrir því að nota lógó 'móður-
stofnunarinnar'?
- Hvernig er miðstöðinni komið á framfæri – er farin rétta leiðin til þess að ná til marknotenda?
 - Er unnið náið með kennurum/leiðbeinendum þeirra sem nýta sér miðstöðina (hvort sem þeir koma
frá sömu stofnun eða ekki) til þess að tryggja að þeir komi þjónustunni, sem tungumálamiðstöðin
býður upp á, á framfæri við nemendur/lærslu?
 - Tekur tungumálamiðstöðin þátt í (eða vinnur að) sýningum, menningarviðburðum, bókamessum eða
herferð fyrir lestri og læsi?
 - Eru *opnir dagar* eða *opin kvöld* fyrir mögulega notendur?
- Hvernig kemur tungumálamiðstöðin fyrir á netinu? Er þar að finna upplýsingar um staðsetningu/opnunartí-
ma, eða tæmandi lista yfir veitta þjónustu, skrá yfir gögn, nákvæmar upplýsingar um öll verkefni og starfsemi?
 - Hvernig er tryggt að upplýsingar um tungumálamiðstöðina á netinu séu nytsamlegar, nothæfar og nýjar?
- Er gefinn út upplýsingapési/bæklingur fyrir notendur tungumálamiðstöðvarinnar þar sem fram koma upp-
lýsingar um opnunartíma, veitta þjónustu, tengiliði og aðgengi fyrir fatlaða?

(Sjá 'Notendakafli' fyrir upplýsingar um 'aðgengi')

Raundæmi
**Austurríska málhæfnismiðstöðin (ÖSpK), Graz
(Österreichisches Sprachen-Kompetenz-Zentrum)**

*Hvernig má skapa tungumálamiðstöð í mynd án faglegrar aðstoðar og án
mikils fjármagns*

1997 var Austurríska tungumálamiðstöðin ráðuneytinu (BMBWK) og blikur voru á lofti um
(ÖSpK) enn hluti af austurríska menntamála- að henni yrði úthýst. Á þeim tíma var miðstöðin

Raundæmi

skilgreind með ráðuneytinu og hafði ekki úrræði til koma sjálfstæðu kennimarki stofnunarinnar sem 'ÖSpK' á framfæri markhópa.

Hið árangursríka en engu að síður erfiða ferli við að skapa kennimark miðstöðvarinnar innan austurríska menntageirans hófst með því að ræða:

- markmið
- möguleg tækifæri
- möguleg úrræði

til þess að miðstöðin yrði auðkennanlegri fyrir marknotendur okkar.

Sjónrænt kennimark miðstöðvarinnar var endurskoðað og ákveðið var að nota sömu sjónrænu merkin hvenær sem tækifæri gæfist til að vekja athygli á stofnuninni og styrkja stöðu hennar. Það kom í ljós að engin þörf var fyrir kostnaðarsama auglýsingastofu, því það sem mestu skipti var að fólk bæri kennsl á nafn stofnunarinnar og merki hennar í bland við ýmis lykilskilaboð um tilgang hennar.

Hugmyndaflæði var sett í gang um nafn, lógó, bréfsefni, útgefið efni osfrv. Það kom á daginn að smávægilegar ákvarðanir eins og:

- hvar og hvenær á að setja lógóin
- hvaða bréfsefni á að nota
- hvort hægt er að breyta ásjúnd útgefins efnis (jafnvel aðeins lítilsháttar) svo það sé auðveldlega tengt stofnuninni

voru lykillinn að því að skapa miðstöðinni nýtt kennimark.

Lógó ÖSpK er nú notað á allar útgáfur, bréf, bæklinga og möppur ásamt nafni stofnunarinnar. Ef það er mögulegt er lógóið alltaf sett á sama stað á blaðsíðunni og einnig hefur verið lagður metnaður í að samræma útlitshönnun

svo útgefið efni, möppur, geisladiskar með tölvutæku efni og fleira sem tilheyri sama verkefninu hafi sama útlit.

Næsta skref var að skipuleggja samskip-taáætlun til að tryggja að öll skilaboð skiluðu sér á réttan stað, með tilætludum áherslum og árangri. Ákveðið var að koma ÖSpK á framfæri við eins mörg tækifæri og mögulegt væri og að hafa prentað efni tiltækt fyrir gesti, jafnvel þó það hafi stundum einskorðast við ljósrit vegna bágs fjárhags. Horft var til ólíkra fjölmiðla, þar á meðal greinahöfunda sem fjalla um fræðslu- og félagsmál frá ýmsum tímaritum og dagblöðum, og í ljós kom að það að mynda fjölmiðlatengsl krefst frekar tíma en peninga! Þessar aðferðir voru notaðar á evrópska tungumálaárinu og stofnunin er nú oft í kastljósinu þegar kemur að tungumálanámi í Austurríki.

Það kom á daginn að með skýrlega uppbyggðri og reglulega uppfærðri heimasíðu má halda við ferlinu (þó það kunnist að vera lýjandi) að koma stofnuninni á kortið á áhrifaríkan hátt. Það getur sparað tíma og peninga að þróa hugmyndina og inntakið sjálfur og láta vefstjóra um tæknilega útfærslu. Einnig getur góð grunnhugmynd auðveldlega verið framlengd í samræmi við fjárhagslega stöðu, til dæmis með gagnvirkum gagnasöfnum, samræðutorgum, spjallrásum osfrv.

Síðast en ekki síst er mælt með því að finna lykilorð fyrir verkefni og hafa þau stutt, hnitmiðuð og eins einföld og mögulegt er. Í tilfalli ÖSpK eru notuð orðin 'Þróun – Miðlun – Samskiptanet'. Slík lykilorð geta orðið þungamiðja í stefnumörkun almannatengsla og ætti að nota hvenær sem tækifæri gefst!

Starfsfólk

Á hverjum er þörf?

- Hvernig og hversu marga starfsmenn þarf tungumálamiðstöðin á að halda: fræðimönnum, ráðgjöfum, upplýsingasérfræðingum, stjórnendum, tæknimönnum?
 - Samanstendur hópur starfsmanna af fólki í fullri vinnu, hlutastarfi, í fastri stöðu, aðstoðarmannastöðu, á tímakaupi, í starfsþjálfun, sjálfboðaliðum, rannsóknarmönnum eða af blöndu ofantalinna?
 - Hafa allir starfsmenn tungumálamiðstöðvarinnar starfslýsingar sem tilgreina hlutverk þeirra og ábyrgð?
 - Þarf starfsfólkið að vinna utan hefðbundins vinnutíma, þ.e.a.s. um kvöld eða helgar?

Ráðningar

- Sér tungumálamiðstöðin um að ráða eigin starfsfólk? Ef svo er, eru lagalegar hliðar og launamælikvarðar á hreinu?
 - Er jafnrétti haft í huga við ráðningar?
- Er ljóst hvar á að auglýsa til þess að ná til hugsanlegra umsækjenda um laus störf?
- Er boðið upp á kynningarnámskeið fyrir nýja starfsfélaga?

Samræming og greinargerðir

- Þekkir allt starfsfólk stjórnskipulag stofnunarinnar (er til dæmis til skipurit)?

- Ef miðstöðin er hluti af stærri stofnun, eru þá starfshættir skýrir í sambandi við vinnu með stýrihópa, samræmingu nefnda og samstarfsfólks utan tungumálamiðstöðvarinnar?
 - Er starfsfólk í þeirri aðstöðu að geta tjáð sig um allar hliðar starfsins eða starfsemi tungumálamiðstöðvarinnar?
- Hvernig eru tímaáætlanir skipulagðar (fyrir móttöku, ráðgjafa, tæknifólk sem og kennaralið), fridagar, afley-singar – og hver gerir það?

Fagleg þróun

- Er til áætlun og fjármagn fyrir faglega þróun og miðlun kunnáttu?
- Er fagleg þróun tengd starfsmannamati?
 - Hvernig er hún eflid og styrkt?
 - Býðst starfsfólki aðstoð með kostnað af starfsþjálfun og starfstengdum námskeiðum?
 - Fær starfsfólk námsleyfi eða leyfi til þess að sækja starfstengd námskeið?
 - Hvernig fær starfsfólkið upplýsingar um möguleika á endurmenntun?
- eru til viðmiðunarreglur á prenti (handbók) fyrir meginstarfsemi tungumálamiðstöðvarinnar – til þess að spara því starfsfólki sem fyrir er tíma og koma í veg fyrir að þurfa að útskýra hverja hlið miðstöðvarinnar þegar nýtt starfsfólk er ráðið?

Starfsmannafulltrúar og stuðningur

- Hefur starfsfólk aðgang að verkalyðsfélögum eða faglegri aðstoð?
- Fær starfsfólk leyfi eða fjárhagsaðstoð til að sækja fundi?
- Er tungumálamiðstöðin í samskiptum við rétta aðila til að styrkja faglega starfsemi og þróun?

Raundæmi

Samtök enskukennara í Galísíu (APIGA), Spáni (Association of Galician English Language Teachers)

Sjálfboðaliðar: námsmenn í starfsþjálfun hjá tungumálamiðstöð APIGA

Eitt þeirra vandamála sem margar tungumála-miðstöðvar þurfa að glíma við er þörfin fyrir fleiri starfsmenn en fjárhagurinn leyfir. Möguleg lausn er að ráða sjálfboðaliða. APIGA, kennarasambandið á Norður-Spáni, getur veitt ráðleggingar í þessu máli. Ein hugmyndin er að ráða nýútskrifaða háskólanema sem vantar starfsreynslu. Annar valkostur er að ráðfæra sig við starfsfólk háskólastofnanna sem bjóða upp á starfsþjálfunarfyrikomulag innan verkefna sinna – það er oft á höttunum eftir nýjum stofnunum til að taka að sér nemendur.

Áður en leitað er að sjálfboðaliðum er góð hugmynd að afmarka verkefni á skýran hátt svo vinnuálag sé hæfilegt. Þannig er tryggt að nýliðar drukkni hvorki í vinnu né láti sér leiðast. Ennfremur er auðveldara að sannfæra nýtt starfsfólk um að það muni fá þá starfsreynslu sem það þarf eða sem því gæti fundist gefandi með því að skilgreina nákvæmlega hvað ætlast er til af því. Nýútskrifuðum nemendum myndist til dæmis möguleikinn á að aðstoða við uppsetningu á nýju gagnasafni meira freistandi en einungis að raða í hillur eða vinna við einfalda skjalavinnu.

Annað sem vinnst með því að skilgreina skýrlega í upphafi þau verkefni sem sjálf-

boðaliðarnir þurfa að vinna er að tungumála-miðstöðin á auðveldara með að gangast við vinnunni í opinberum meðmælaláttum sem sjálfboðaliðarnir munu fá. Á þennan hátt munu vinnuveitendur í framtíðinni hafa skýra hugmynd af því, hvað það var nákvæmlega, sem námsmaðurinn framkvæmdi í starfsþjálfun sinni hjá tungumálamiðstöðinni. Það er einnig einfaldara að fylgjast með framförum sjálfboðaliðanna á ráðningartíma þeirra og léttir undir með venjulegu starfsfólki, sem þarf þá ekki að hafa áhyggjur af því hvað sjálfboðaliðinn á næst að taka sér fyrir hendur.

Stærri stofnanir geta íhugað að bjóða reglulega upp á kynningarnámskeið svo nýir sjálfboðaliðar fái grunnþjálfun og kynnist stofnuninni á sama tíma. Fyrrum sjálfboðaliðar geta þjálfað nýja og fengið viðurkenningu fyrir það starf.

Að lokum má finna aðrar leiðir til að verðlauna sjálfboðaliðana ef ekki er hægt að greiða þeim laun. APIGA býður t.d. sjálfboðaliðum sínum ókeypis aðgang að ráðstefnum og vinnustofum eða leyfir þeim einfaldlega að gerast meðlimir samtakanna án endurgjalds. Slíkir forréttindi eru að sjálfsögðu háð frammiðstöðu; einungis þeir sjálfboðaliðar sem ljúka við verkefni sín njóta þeirra.

Ábendingar

- Hlutverk fagmanna breytast og ný hlutverk þróast: tungumálaráðgjafi í stað skólakennara, umsjónarmaður námskeiðsgagna í stað hefðbundins bókasafnsfræðings...
- Haldið námskeið í vinnutímanum um notkun ICT fyrir starfslíðið til að aðstoða það við að þekkja nýjustu tækni og uppfylla skyldur sínar á sem bestan hátt.

Svörun og mat

- Gefur þú verkefninu nóg af tíma þínum og kröftum – tekur þú þér, ásamt félögum þínum, tíma til að hugleiða hvað þið eruð að gera?
- Hver tekur þátt í svöruninni og matinu – starfsmenn/notendur?
- Hvers konar matsaðferðir og -tæki notarðu: kannanir, tölfraði, viðtöl, spurningaeyðublöð (...)?
- Hvaða 'lykilvísi' notar þú fyrir frammistöðu til að meta virkni tungumálamiðstöðvarinnar?
- Safnar þú viðeigandi upplýsingum til að bæta stjórnun – t. d. fjölda notenda, notkun gagna, tíma hámarks- og lágmarksálags – og ef svo er, hvernig?
- Safnar þú einnig upplýsingum um 'gæði' og 'nytsemi' einstakra gagna/þjónustu/tækja/verkefna? Ef svo er, hvernig?
- Hvernig notar þú svörunargögnin? – Til að læra/bæta/aðlaga þjónustu?
 - Fá allir sem standa að verkefninu að kynna sér útkomuna?
- Er til póstkassi fyrir uppástungur hjá miðstöðinni? – Hvar er hann?
- Er svörunarfyrirkomulagið eins 'létt' og hægt er?

Ábending

- Notaðu nafnlaus spurningaeyðublöð við öflun árlegrar svörunar sem notendur tungumálamiðstöðvarinnar geta svarað að vild.

Hugverkaréttur / höfundaréttur

- Gerir þú þér grein fyrir lagalegri stöðu varðandi hugverkarétt/höfundarrétt?
- Sýnir þú notendum viðeigandi skilaboð/aðvaranir varðandi brot á höfundarrétti?
- Hvernig tryggir þú að eigin starfsmenn miðstöðvarinnar gerist ekki brotlegir við höfundarréttarlöggjöfina? – með fræðslu/upplýsingum, með því að biðja ekki um 'ólögleg' afrit?
- Veistu hvernig undanþágur frá höfundarréttarlöggjöf gilda í þinni stofnun?
- Veistu hvaða reglur gilda um yfirfærslu efnis á stafrænt form?
- Virðir þú á tilhlýðilegan hátt höfundar-/eignarrétt efnis sem er framleitt innan miðstöðvarinnar?
- Getur þú breytt sumum af eigin gögnum í höfundarréttarlaus gögn (með því tilskyldu að heimilda sé getið)?
- Er möguleiki á 'skiptifyrirkomulagi' til að deila gögnum með nærliggjandi miðstöðvum/deildum eða í gegnum fagleg samtök?

Heilsa og öryggi, starfsumhverfi

- Þekkir þú, og þekkja allir starfsmenn tungumálamiðstöðvar og notendur, heilsu- og öryggisstefnu stofnunarinnar? – Er hún hluti af innsetningarnámskeiðinu?
- Færð þú/starfslíð þitt upplýsingar um viðeigandi heilsu- og öryggisnámskeið?
- Átt þú skyndihjálparkassa tiltækan/eru einstaklingar meðal starfslíðsins sem kunna skyndihjálp (og/eða veit starfslíðið hvert það á að snúa sér til að fá skyndihjálp)?
- Ríkir viðunandi öryggi fyrir notendur, búnað og gögn?
- Er taflan sem sýnir brunaæfingar á áberandi og viðeigandi stað, eru slökkvitækin prófuð reglulega, hefur starfslíðið verið þjálfað í viðbrögðum við húsbruna eða öðru neyðarástandi?

- Hefur þú gert ráðstafanir til að tryggja öruggar vinnuaðferðir hjá starfslíðinu og notendur miðstöðvarinnar, t. d. með því að innrétta vinnuvistfræðilega réttar vinnustöðvar eða að hafa breytileg verkefni fyrir starfslíðið, þ.á m. hlé frá skjávinnu? Hvetur þú til slíkra vinnuaðferða?
- Hvetur þú til 'grænnar' notkunar á aðföngum svo sem endurvinnslu pappírs og förgunar á eitrefnum eins og blekhylkjum á viðeigandi hátt?

Ábending

- ➔ Ef þú biður notendur að koma með eigin heyrnartól getur þú sparað í innkaup á nýjum. Slíkt fyrirkomulag er þar að auki hreinlegra og þar með heilsusamlegra.

Tryggingar/skaðabótaskylda

- Gerir þú þér grein fyrir stöðunni varðandi tryggingar/ábyrgð þína gagnvart öryggi og eignum starfslíðs og notenda (hefur þú sagt hlutaðeigandi frá þessu)?
- Gerir þú þér grein fyrir stöðunni varðandi tryggingar á vörum og búnaði (t.d. við bruna, jarðskjálfta, vatnstjón eða stuld)?
- Hefur þú gert viðeigandi öryggisráðstafanir til að fyrirbyggja stuld á búnaði/aðföngum en samt reynt að halda miðstöðinni eins opinni og aðgengilegri og hægt er?
- Gerir allt starfslíðið sér grein fyrir stöðunni varðandi öryggi á persónulegum upplýsingum um notendur (þ.e.a.s. vörn gagna)?

Hagnýtir þættir

- Ert þú með ákveðna stefnu varðandi mat, drykk, símanotkun eða notkun á fartölvum hjá tungumálamiðstöðinni, og ef svo er, á hverju er sú stefna byggð?
- Hvernig ferð þú að í því venjubundna en mjög mikilvæga verki að koma aftur í geymslu þeim gögnum sem hafa verið í opinni vinnslu (er þetta verkefni eins eða tveggja starfsmanna eða tekur allt starfslíðið þátt)?
- Hvernig er fyrirkomulagið á ræstingu í tungumálamiðstöðinni – eru til viðeigandi búnaður og efni til að hreinsa skjái, lykilorð, heyrnartól, mynd- og tónhousa á upptökutækjum ásamt venjulegum ræstibúnaði fyrir vinnu- og kennsluhúsnæði?

Gagnlegir tenglar

- CERCLES**
Confédération Européenne des Centres de Langues dans l'Enseignement Supérieur/
Evrópsk samtök tungumálamiðstöðva á háskólastigi.
Bandalag sjálfstæðra samtaka frá 21 landi í Evrópu.
www.cercles.org
- CIEL Language Support Network:**
Stuðlar að sjálfstæðu tungumálanámi.
CIEL-handbækur sem má hlaða niður af veraldarvefnum – hagnýtar handbækur um hvernig má samþætta sjálfstætt tungumálanám við fasta kennsluskra innan stofnunar:
2. Handbók – Stjórnun sjálfstæðs tungumálanáms: Atriði varðandi stjórnun og stefnumótun
<http://ciel.lang.soton.ac.uk>
- European Commission/Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins**
Stjórnardeild fyrir menntun og menningu.
Tungumál í menntun og þjálfun.
Socrates Programme – Hafið samband til að fá ráðgjöf eða umsóknareyðublöð
<http://europa.eu.int/comm/education/socrates/download.html>
Leonardo Programme – Tungumál í starfsmenntun.
<http://europa.eu.int/comm/education/languages/actions/leonardo2.html>
Svæðisbundin og minnihlutatungumál
<http://europa.eu.int/comm/education/langmin.html>
Sjá einnig 'Supplementary resources' á LRC vefgáttinni: www.lrcnet.org

NOTENDUR

Notendur móta starfsemina hjá tungumálamiðstöðinni og kalla jafnframt á nauðsynlega aðstöðu, gögn og búnað til að fá þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Það er því afgerandi að vita hverjir eru hugsanlegir notendurnir, hvað þeir þurfa og hvers þeir vænta frá tungumálamiðstöðinni og einnig hvenær og hvernig þeir ætla að fá aðgang að þjónustunni.

Engin tungumálamiðstöð mun líklega bjóða öllum neðangreindum hópum þjónustu sína. Hins vegar gætu hæglega verið nýir notendahópar sem gætu notið góðs af þjónustu þinni, eða þú gætir e.t.v. bætt aðgengi fyrir núverandi notendur án of mikils kostnaðar eða breytinga á núverandi skipulagi.

Notendur nálgast þjónustu tungumálamiðstöðvanna á marga mismunandi vegu. Nú á dögum eru það ekki allir notendur sem nýta sér þjónustuna á staðnum, og tæknin í dag gerir okkur kleift að ná til ólíkt fleiri notenda 'í fjarlægð' en fyrir tíu eða m.a.s. fimm árum. Með góðu skipulagi og hugmyndaflugi getur þetta opnað aðgang að tungumálamiðstöðvunum fyrir landfræðilega einangraða notendur eða fatlaða notendur sem komast ekki í sjálfar miðstöðvarnar.

Góð tjáskipti við alla notendur og reglulegir möguleikar á svörum eru nauðsynleg til að vita að þú ert að bjóða nákvæmlega þá þjónustu sem notendur þurfa og munu þar að auki stuðla að góðum samstarfsanda við verkefnið.

Markhópar

Hvaða hópar af neðangreindum markhópum nota (eða gætu notað) tungumálamiðstöðina þína, og hverjar eru skilgreindar þarfir þeirra?

Nemendur

- börn undir skólaaldri
- grunn-og menntaskólanemar
- tungumálaklúbbar
- háskólanemar (heilsdags- og hálfisdags-)
- fullorðinsfræðsla
- nemar við endurmenntunarstofnun
- fagnemar (úr viðskipta-/iðn-/tækni-/þjónustugeira) í tungumálanámi

Kennslustarfslið

- kennarar (í námi eða kennslu, í öllum menntunargeirum)
- æfingakennarar
- einkakennarar í fullorðinskennslu
- tungumálakennarar fyrir faghópa

Fólk í ákvarðanatöðu innan tungumálamenntunar og miðlarar

- námsráðgjafar

- stefnumótendur
- fulltrúar menntamálaráðuneytisins eða annarra ráðuneyta
- skipuleggjendur kennsluskráa
- prófnefndir
- fagráð, faghópar, fagleg samtök

Stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar

- menningarlegar stofnanir
- útgáfufyrirtæki
- útvarps- og sjónvarpsstöðvar
- fólk í rannsóknarstarfi
- höfundar kennslubóka og -efnis
- aðrar tungumálamiðstöðvar (eða kennaramiðstöðvar)
- fréttamenn
- almenningur

Raundæmi

Upplýsingamiðstöð fyrir tungumálakennslu og -rannsóknir (CILT), London (The Centre for Information on Language Teaching and Research)

Með þarfi breiðs hóps notenda að leiðarljósi

Einn hópur 'notenda' sem CILT þjónar ekki eða sem að minnsta kosti fellur ekki beint undir okkar verkvið eru 'nemar'. Hins vegar þjónustum við, innan þeirra þúsunda einstaklinga sem heimsækja bóka- og gagnasafn CILT og þeirra tugþúsunda sem nota nettengda gagnasafn CILT ár hvert, alla aðra hópa innan meginhópanna:

- kennslustarfslið
- fólk í ákvörðunarstöðu innan tungumálamenntunar
- miðlarar
- stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar.

Við styðjum öll þrep menntunar frá grunnskólastigi (jafnvel börn undir skólaaldri) til háskólastigs og fullorðinsfræðslu, þ.m.t. tungumálakennslu fyrir fólk í atvinnulífínu.

Hver þessara hópa er með sérþarfir og notar CILT af ýmsum ástæðum. Þeir:

- fá aðgang að þjónustu CILT eftir mismunandi leiðum (á staðnum, í síma, með bréfi, á netinu, á þjálfunarnámskeiði eða í gegnum útgefið efni)
- þurfa á aðstoð CILT að halda á mismunandi tíma (dagsins, skólaársins, starfsferilsins)
- þurfa á mismunandi þjónustu að halda (upplýsingar, ráðleggingar, gögn, þjálfun, útgefið efni).

Eins og gefur að skilja hefur þetta allt þýðingu fyrir skipulag og undirbúning þjónustu okkar.

Til dæmis höfum við:

- opið á miðstöðinni eitt kvöld í viku og á laugardagsmorgnum á meðan á námskeiði stendur, svo að kennarar geti heimsótt miðstöðina utan vinnutíma síns
- heilt net 'Comenius-miðstöðva' út um allt Bretland fyrir fólk sem býr of langt frá London til að geta mætt þangað
- gert 'upplýsingablöð' okkar aðgengileg á netinu (við dreifum meira en 20.000 slíkum á hverju ári)
- tekið þátt í svæðisbundnum verkefnum, lands- og alþjóðaverkefnum sem gerir okkur kleift að ná til breiðari hóps og deila þekkingu og reynslu með öðrum.

Ýmsir lykilkættir gera það að verkum að við getum aðstoðað svo breiðan notendahóp:

- góð samskipti milli vinnufélaga og mismunandi deilda innan CILT
- samvinna við utanaðkomandi samtök um verkefni
- netsamvinna – með hvaða sniði sem er
- notkun ICT og fullnýting stórkostlegra möguleika netsins til að ná til afskekktara notenda, minnka póstkostnað okkar og komast hjá seinkun.

Aðgangur og tjáskipti

- Hvernig fara samskiptin við notendur fram – augliti til auglits/í gegnum samstarfsmenn/ráðgjafa/bæklinga/skilaboðatöflu/tölvupóst/fréttabréf ...?
- Hvers konar kynningu býður þú nýjum notendum?
 - Eru kynningarfundir á föstum tímum eða býður þú upp á sveigjanlegar námsleiðir ef þörf krefur?

- Hvernig stuðlar þú að meiri og betri samskiptum milli notenda og starfslíðs tungumálamiðstöðvarinnar?
- Hvernig mætir þú mismunandi kröfum um einstaklings- og hópaðgang?
- Hefur þú, við stundatöflugerð fyrir kennslu/ráðgjöf/ einstaklingstíma, gert ráð fyrir hópaðgangi og aðsóknarálagi á gögnum?
- Reynir þú að höfða til notenda með takmarkaða tækni- og tölvuþekkingu?

Notendur með sérþarfir

- Hvernig er aðstaðan hjá þér fyrir notendur með sérþarfir og fyrir fatlaða notendur?
- Hefur verið farið yfir hvernig tungumálamiðstöðin nýtist fötluðum (t.d. hjólastóláaðgengi, sérstakur tækjabúnaður fyrir heyrnarskerta) og kynna notendum og hugsanlegum notendum?
 - Er unnt að bæta aðgengi að tungumálamiðstöðinni?
 - Er unnt að nýta kunnáttu sem er fyrir hendi hjá starfslíðinu (t.d. táknumálskunnáttu)?
 - Hvar er hægt að fá ráðgjöf um bætt aðgengi að tungumálamiðstöðinni?

Raundæmi

Stofnun fyrir mál- og talvinnslu (ILSP), Aþenu (Institute for Language and Speech Processing)

Mismunandi tjáskiptaform milli ILSP og notenda

ILSP býður breiðum hópi aðgang að tungumálalagögnum.

Aðalhópur notenda er gríska og alþjóðlega vísinda- og rannsóknarsamfélagið. Innan þessa sviðs getum við staðsett ákveðna notendahópa og þær tegundir upplýsinga og gagna sem þeir eru líklegir til að sækjast eftir. Við höfum þróað 'sérþarfagagnasöfn' til að geyma upplýsingar um notendur, þar sem fólki í ákvörðunarstöðum og rannsóknarstörfum, vísindamönnum, námsmönnum og öðrum hópum er skipt í mismunandi flokka. Á þennan hátt getum við valið þann hóp eða þá samsetningu hópa sem okkur finnst viðeigandi að eiga tjáskipti við varðandi ákveðið viðfangsefni, rétt eins og við getum einnig haft regluleg samskipti við alla notendur okkar eftir mismunandi leiðum.

Aðaltjáskiptaleiðin sem ILSP hefur tileinkað sér liggur í gegnum heimasíðu okkar (www.ilsp.gr). Netíð er hagkvæmt og ódýrt tjáskiptatæki og er þar að auki hraðvirk og nær til hámarksfjölda notenda. Það hentar sérstaklega vel fyrir okkar notendur, þar sem flestir þeirra eru vanir að vinna við tölvu og nota reglulega netíð við gagnaöflun og vinnu. Það er að sjálfsgöðu æskilegt að heimasíða sé uppfærð eins oft og hægt er og að hún geymi allar nýjar og viðeigandi upplýsingar fyrir markhópinn. Heimasíða ILSP er uppfærð daglega og hefur m.a. að geyma upplýsingar um verkefni og uppákomur sem stofnunin hefur staðið fyrir, er að vinna að eða er með á döfinni. Heimasíðan er á tveimur tungumálum (grísku og ensku) þar sem margir notendur okkar eru útlendingar. Yfirleitt eru þetta

vísindamenn og fólk í rannsóknarstörfum sem skilja e.t.v. ekki grísku en skilja enskuna vel. Fjöldi tungumála sem heimasíða tungumálamiðstöðvarinnar verður aðgengileg á fer aðallega eftir fjárveitingum til miðstöðvarinnar og þörfum notenda hennar og sama gildir um tíðni á uppfærslum hennar.

Þó netíð sé hagkvæmt og skilvirkt í notkun, dreifum við líka eins og margar aðrar tungumálamiðstöðvar upplýsingum sem eru aðeins áhugaverðar fyrir takmarkaðan hóp notenda. Í þeim tilgangi gefum við út sérstök 'fréttabréf', sem innihalda 'fágaðri' útgáfur af efni sem að öllu jöfnu er aðgengilegt á netinu ásamt greinum um rannsóknir og vísindaleg efni eða ritdómum. Innan þessa ramma gefur ILSP út Logonavigation, fréttabréf á sviði tungutækni, sem við dreifum ókeypis til sérhópa innan vísindageirans.

Eins og hjá öðrum tungumálamiðstöðvum þurfum við stundum að hafa beint samband við notendur, eins og þegar notendur þurfa að fá áriðandi upplýsingar um tilteknar uppákomur, verkefni eða útkomin rit. Í slíkum tilfellum kys ILSP stundum að hafa samband við notendur í gegnum tölvupóst eða síma. Það er þó mikilvægt, eins og sagt var áður, að búið sé að velja slíka notendur vandlega til að tryggja að þeir séu í raun áhugasamir um upplýsingarnar sem við viljum koma til þeirra.

Loks hefur okkur þótt gagnlegt að taka þátt í ráðstefnum og sýningum þar sem markhópar okkar eru líklegir þátttakendur. ILSP tekur þátt í nokkrum slíkum viðburðum á hverju ári til að ná til sem flestra.

Ábending

- ➔ Munið að mögulegt er að einhverjir nemenda okkar (einkum þroskaðra fólk og fyrrum nemendur sem eru að koma aftur til náms) hafa ekki haft tækifæri til að nota tölvur eða haft not af margmiðlunartækni.

Ábending

- ➔ Gleymið ekki að nýta allar leiðir til að ná til notenda okkar – verið eins skilningsrík og auðið er.

Nýir notendur?

- Nýtist aðstaðan og þjónustan sem tungumálamiðstöðin býður uppá eins vel og mögulegt er?
- Er það forgangsríki hjá tungumálamiðstöðinni að laða að nýja notendur?
 - Ef svo er endurspeglast það í kynningum stöðvarinnar?
- Hefur verið íhugað að opna þjónustuna og aðstöðuna fyrir nýjum viðmiðunarhópum?
 - Er mögulegt að lengja opnunartímann?
 - Er mögulegt að nýta aðstöðuna og þjónustuna í fjarnotkun/fjarkennslu (í gegnum síma, pósthjónustu, veraldarvefinn)?
- Er mögulegt að bjóða nýjum hópum aðgang þegar minna annríki er (ef til vill til reynslu)?
 - Gæti þetta aukið tekjur og þannig náð betur tilgangi miðstöðvarinnar eða aukið á fjölbreytni þjónustunnar?
- Hefur verið haft samráð við alla sem málið snertir (einkum starfsfólk miðstöðvarinnar) um verkefni sem eru í þróun eða útfærslu?

Raundæmi
**Evrópsk miðstöð fyrir menntun og þjálfun (ECET), Sófíu
(European Centre for Education and Training)**

'Happy Puppy' og 'Linguapeace': Uppsetning nets tungumálamiðstöðva fyrir tiltekna hópa (unga nemendur og friðargæslumenn)

Síðastliðin 3 ár hefur ECET, sem hefur net tungumála- og þjálfunarmiðstöðva um alla Búlgaríu, opnað miðstöðvar sínar, sérþekkingu og þjónustu fyrir tveimur mjög sérstökum hópum: ungum börnum og friðargæslumönnum.

Komið er til móts við börnin (6-12 ára gömul) í tungumála- og þjálfunarmiðstöðvunum 'Happy Puppy' þar sem þau læra ensku í frítíma sínum eftir skóla og í leyfum og nýta sér nútímaaðferðir s.s.:

- að læra með leik
- sjálfsnám og sjálfsuppgötvunarnám
- gagnvirk námskeið með leiðbeinanda
- notkun margmiðlunartækni og veraldarvefsins.

Frumkvæðið að 'tungumálamiðstöðvum fyrir friðargæslumenn' er árangur af samstarfi sem tengist evrópska verkefninu 'Linguapeace' með þátttöku samstarfsaðila í Bretlandi, Hollandi og Slóvakíu. Markmið stöðvanna er að aðstoða við að innleiða þróaða tækniþekkingu og skilvirkar nútímaaðferðir inn í tungumálanám fyrir væntanlega friðargæslumenn. Í þessum tilgangi höfum við einnig þróað efni við hæfi og við aðstoðum nemendur við að finna efni sem styður þá í tungumálanámi sínu.

Þó að báðir þessir nýju hópar – ungir nemendur og friðargæslumenn – líti ef til vill út fyrir að hafa ólíkar þarfir eru nokkrir þættir þjónustu okkar sem eru þeim sameiginlegir:

- gagnvirk námsefni og notkun margmiðlunartækni (einkum myndbanda)







- kennsluáðferðir sem eru sambland leiðbeiningarkennslu og sjálfsnáms
- aðstoð við að kenna nemendum að nota námsefni og gagnasöfn sem hæfa þörfum þeirra
- kynning í kennslustofunni á menningu sem er til umfjöllunar.

Okkur hefur tekist að auðvelda aðgang þessara nýju notenda með því að aðlaga sérþekkingu og aðferðafræði sem notaðar eru í ECET-tungumálamiðstöðvum og bætt við eða þróað nýja þætti (t.d. hernaðarlegan orðaforða, sérsníðið matsefni) eftir því sem þörf krefur.

Við höfum þurft að vera opin fyrir nýjungum, aðlögunarhæf og námsfús. Með því að treysta á styrk okkar og nálgast verkefnið stig af stigi – byrja hægt og víkka síðan verkefnið út þegar það er farið að ganga – höfum við fundið að verkefnið var erfiðisins virði. 'Happy Puppy' verkefnið hefur verið sett upp í 8 nýjum svæðismiðstöðvum s.l. 2 ár og áætlað er að setja upp 7 miðstöðvar fyrir friðargæslumenn til viðbótar fyrir 2006 (www.linguapeace.net).

Við höfum lært mikið af því að vinna með þessum ólíku hópum. Einnig höfum við fundið til aukins sjálfstrausts til að nýta okkur sköpunargáfu okkar og ímyndunarafl þegar við erum að íhuga hvaða hópar gætu notið góðs af þjónustu og aðstöðu tungumálamiðstöðva okkar.

Gagnlegir tenglar

-  **AbilityNet**
 Með aðsetur á Bretlandi miðla þessir aðilar sérþekkingu um tölvur og fötlun.
www.abilitynet.org.uk/content/home.htm
-  **The Centre for Accessible Environments**
 Góðgerðarsamtök í Bretlandi sem eru upplýsinga- og þjálfunarmiðstöð um umhverfisaðgengi fyrir fatlaða.
www.cae.org.uk
-  **CIEL Language Support Network**
 Stuðningur við sjálfstætt tungumálanám.
 Hægt að hlaða niður CIEL handbókum:
Handbook 6 – Making independent language learning accessible
<http://ciel.lang.soton.ac.uk>
-  **European Disability Forum**
www.edf-feph.org
-  **Web Accessibility Initiative (WAI)**
 WAI stuðlar að aðgengi að Netinu með tækniþekkingu, leiðbeiningum, tækjum, menntun og metnaði.
www.w3.org/WAI
-  **Web usability: Jakob Nielsen's website**
 Margar leiðir til að nýta sér aðgengi að veraldarvefnum
www.useit.com
 Sjá einnig 'Supplementary resources' á **LRC vefgáttinni: www.lrcnet.org**

Þ J Ó N U S T A O G Ú R R Æ Ð I

Sú þjónusta og þau úrræði sem tungumálamiðstöð veitir ætti að svara þörfum notenda og vera samhljóma yfirlýstu leiðarljósi tungumálamiðstöðvarinnar. Það er ólíklegt að nokkur ein miðstöð geti veitt alla þá þjónustu og úrræði sem eru á listanum hér að neðan, taka verður tillit til stærðar, staðsetningar og markmiða miðstöðvarinnar til að meta hvaða þjónustu á að bjóða og fjölda tungumála sem kennd eru.

Kynning, þjálfun notenda og ráðgjöf rennir stöðum undir sjálfstæði miðstöðvarinnar, á sama tíma og sveigjanleigir opnunartímar sem sniðnir eru að þörfum notendanna og skilvirk skráning og kynning úrræða verða til þess að þjónusta ykkar nýtist þeim sem best.

Viðbrögð notenda og starfsfólks miðstöðvarinnar geta orðið til þess að hjálpa til að bæta og aðlaga þá þjónustu sem fyrir hendi er um leið og þau ýta undir það að nýjar leiðir séu skoðaðar og þróaðar. Innleiðing nýrrar þjónustu ætti alltaf að koma í kjölfar samráðs við alla sem málið snertir og hagkvæmnirannsóknar – ef um meiriháttar þróun er að ræða.

Þ j ó n u s t a

Hvaða þjónustu veitir þín miðstöð?

Kennslufræðilegur stuðningur

- kennsla/leiðsögn
- ráðgjöf um tungumálanám
- kennarabjálfun (á undan og á meðan þeir starfa)
- fagleg þróunarnámskeið
- útfærsla breytinga sem miða að því að bæta tungumálanám og kennslu
- útgáfa á efni um fyrirmyndardæmi
- kynningar á nýjungum í kennslu
- frumkvæði að nýjungum
- útgáfa á innanhússlausnum og námsmatsefni
- námsmat
- frammistöðumat
- vitnisburður
- stuðningur við fjarnám/sjálfsnám
- útlán á gögnum (sjálfstætt eða nettengt – samskráning gagna)
- kynning fyrir nýja notendur

Upplýsingar og upplýsingaþjónusta

- fyrirspurnaþjónusta (persónuleg, í síma, í bréfi eða tölvupósti)
- upplýsingaþjónusta (þ.m.t. tölvuaðgengi?)
- stuðningsefni (t.d. sérsniðnir bókalistar/námsefnislistar)
- kynningarheimsóknir í hópum
- upplýsingaþjónusta um aðrar stofnanir (t.d. um efni tengt Evrópusambandinu eða um menningarstofnanir)

Önnur þjónusta

- útbreiðsla og efling tungumálanáms og fjölþjóðlegrar meðvitundar
- rannsóknir og þróun
- hópamyndun (til að koma á fót samvinnuverkefnum og auðvelda samstarf á milli stofnana og einstaklinga sem vinna innan sama sviðs)
- þjónusta eftir þörfum (sérsniðin þjónusta, t.d. þjálfunarfundir eða verkefnastjórnun)
- sala útgefins efnis (innanhússvefni eða annars sem notendur hafa áhuga á?)
- dagskrá um félagslega og menningarlega viðburði
- aðstaða til ráðstefnu- og fundahalds
- upptökuherbergi
- ljósritun (fyrir starfsfólk/notendur ... ókeypis/gegn gjaldi?)

Tækniástoð

- stöðug viðhald og viðgerð tækjabúnaðar (innan húss, aðkeypt, endurnýjun viðhaldsþjónustu)
- viðhald nettenginga og netþjóna (geymsla rafeindaefnis)
- gervihnattatenging (eða breiðbands), sjónvarp, móttaka og viðhald
- yfirfærsla tal- og myndefnis á rafrænt form
- vef-/net-stuðningur við efnisgerð
- endurnýjun tækja
- ráðgjöf um tækninotkun og útskýringar á nýrri þróun í þjónustu sem í boði er eða verkefnavinnu

Raundæmi

Menntamálanefnd Finnlands (NBE-FI), Finnlandi (National Board of Education)

Hvernig er rammaáætlun Evrópu í tungumálanámi og -kennslu (Common European Framework/CEF) löguð að námskrá hvers lands

Endurskoðun núgildandi námskrár Finnlands í tungumálum tengist eftirfarandi atriðum:

- Núgildandi rammanámskrá er hægt að túlka nokkuð frjálst til staðbundinnar notkunnar og þess vegna eru hugtök nokkuð opin.
- Vegna niðurstöðu rannsókna á námsárangri í tungumálanámi, hafa komið fram vaxandi áhyggjur af jafnræði til náms.
- Þörf er á því að samhengi sé í einkunnum á milli ólíkra skóla og menntastofnana.
- Tengsl verða að vera á milli kennslu, náms og mats til að auka á sjálfstæði nemendanna.
- Nauðsyn er á að skilgreina framhaldspróun á tungumálafærni frá einu menntastigi til annars.
- Nauðsynlegt er að styðja kennara í því að gefa rökstuddar einkunnir í lok grunnskóla innan núverandi rammanámsáætlunar.

Til að koma til móts við þessar þarfir samþykkti hópurinn sem menntamálanefndin fól að skoða tungumálanámskrár að þróa mælikvarða á getu fyrir bóknáms- og verknámsbrautir framhaldsskólanna í Finnland og fylgja stigaskiptingu og lýsingum rammaáætlunar Evrópu í tungumálanámi.

Mótun mælikvarðans var erfiðasta og stærsta verkefnið, vegna þess að stigaskiptingin í rammaáætluninni er of gróf til að mæla litlar framfarir í tungumálafærni. Þess vegna var nauðsynlegt að skipta upphaflegu stigaskiptingunni niður til að sniða að þörfum okkar skólakerfis. Einnig var það viðurkennt að nemendum tekst sjaldan að ná efstu stigum færniska-

lans innan almenna skólakerfisins, eins og þeim er lýst í rammaáætluninni.

Þrjú undirstig voru búin til innan A1 stigs rammaáætlunarinnar, Uppgötvun. Þau eru:

- A1.1. Fyrsta stig byrjunarfærni
- A1.2. Áframþróun byrjunarfærni
- A1.3. Virk byrjunarfærni.

A2 stiginu, Af stað, var skipt niður í tvö undirstig:

- A2.1. Fyrsta stig grunnfærni
- A2.2. Áframþróun grunnfærni.

B1 stiginu, Þröskuldur, var skipt niður í tvo flokka:

- B1.1. Virk grunnfærni
- B1.2. Reiprennandi grunnfærni.

B2 stiginu var einnig skipt niður í tvö undirstig:

- B2.1. Fyrsta stig sjálfstæðrar færni
- B2.2. Virk sjálfstæð færni.

Fyrsta vandamálið sem við þurftum að takast á við til að meta stigaskiptinguna og lýsinguna sem við mótuðum var að kennarar skynja hin ólíku stig á ólíkan hátt. Ýmsar hugmyndir um verkefni voru settar fram til að fá kennara til að mynda almennan skilning. Þessar hugmyndir voru m.a. að skoða vel lýsingar á stigum og flokka eftir erfiðleikum og bera saman ólíkar flokkanir í þorum o.s.frv. Árangurinn var tillaga byggð á raunupplýsingum til að skilgreina almenna stigaskiptingu á 'góðri' kunnáttu í tungumálum í lok grunnskóla og í efri framhaldsskóladeildum.

Raundæmi

**Miðstöð fyrir nýbreytni í menntun og þjálfun (CINOP), Hollandi
(Centre for Innovation and Training)**

Notkun hollensku tungumálamöppunnar í starfsmenntanámi í tungumálamiðstöðvum svæðisbundinna starfsmenntaskóla í Hollandi

Tungumálamiðstöðvar í hollenskum svæðisbundnum starfsmenntaskólum gegna tvenns konar hlutverki: að veita aðstöðu og efni sem notað er í tungumálanámi og veita þjónustu þeim sem stunda tungumálanám í öðrum starfsmenntadeildum skólans. Ásamt hollensku námskrárgerðarfólki (SLO) höfum við innan CINOP þróað hollenska tungumálamöppu fyrir starfsmenntanám og tengt hana hugmyndum í evrópsku rammaáætluninni í tungumálanámi (CEF) sem hluta að stóra evrópska verkefninu um tungumálamöppur (European Language Portfolio).

Til þess að geta innleitt tungumálamöppuna verða þarfir nemandans og óskir um framfarir að vera ljósar og um leið verður að skrá framfarir sem hafa náðst í og utan menntunarsamhengis.

Rétt eins og ELP-tungumálamappan, sem hollenska tungumálamappan (DVLPI) í starfsmenntun byggir á, er nemandanum gert fært að mæla framfarir sínar og meta getu sína út frá færnisþáttunum fimm. Mappan tilheyrir nemandanum sem tilgreinir þarfir sínar, skráir framfarir og fer yfir hvernig honum gengur að ná markmiðum sínum. Í DVLPI eru lýsingar sem byggðar eru á rammaáætluninni og dæmi gefin um hagnýtt tungumálanám fyrir nemandann. Þessi dæmi þjóna þeim tilgangi að vera til leiðbeiningar fyrir nemendur við sjálfsmat. Í stuðningi okkar í CINOP við hollensku starfsmenntaskólana notum við DVLPI til að hvetja nemendur til að draga sínar eigin ályktanir um stöðu sína og þeir eiga síðan kost á því að taka próf sem miðað er við þeirra getustig til að sannreyna matið. Nemandinn getur síðan borið getu sína saman við lokaviðmiðunarmatið í lok námsins. Misræmið á milli þessara tveggja verður til þess að nemandinn getur sjálfur mótað námsferil sinn í 'Tungumálanámsgreininum', (tæki sem þróað hefur verið hjá CINOP), með aðstoð

leiðbeinanda. Þannig getur hann einbeitt sér að þeim færniþáttum sem hann er slakur í og með einhverjum hléum er hægt að mæla framfarirnar aftur og endurmeta námsferilinn samkvæmt niðurstöðunni.

Í dag er DVLPI notuð í þremur starfsmenntaskólum í Hollandi og verið er að kynna hana í 8 skólum til viðbótar. Við vonum að árangurinn af því að mappan er tekin í notkun verði til þess að innan skamms fari stærsti hluti tungumálakennslunnar sem starfsmenntaskólarnir bjóða uppá fram í tungumálamiðstöðinni. Þess vegna mun skipulag á efnisvali og aðstöðu í tungumálamiðstöðvunum einnig tengjast stigaskiptingunni í möppunni og rammaáætluninni. Almenn séð er nokkuð auðvelt að flokka efni eftir tungumáli, námskeiði, getu, stigi, jafnvel eftir mati á yfirlýsingum um 'þetta get ég'. Til að auðvelda kennurum verkefnið hefur CINOP hannað rammaáætlun fyrir tungumálakennslu í starfsmenntaskólum (Het Raam-werk Vreemde Talen voor het secundair beroepsonderwijs) sem gerð er eftir evrópsku rammaáætluninni.

Fyrir smærri sjálfstæðar tungumálamiðstöðvar sem vinna með CEF, gæti verið áhugavert að skoða möguleika á að flokka efnið samkvæmt þeim leiðum sem nefndar eru hér að framan. Tungumálamiðstöðvar gætu einnig tekið notkun Evrópsku tungumálamöppunnar til álita. Þannig mætti aðstoða nemendur við að einbeita sér að eigin þörfum, hugsa um og hafa eftirlit með eigin framförum.

Hollensku tungumálamöppuna (DVLPI), sem var viðurkennd af Evrópuráðinu í september 2001, er hægt að skoða á netinu (á ensku og hollensku) á slóðinni www.trefpuntalen.nl (smellið á 'taalportfolio BVE', því næst á 'downloads', síðan 'European Language Portfolio for Vocational Education – English translation of the Dutch version').

Raundæmi

**Fjarnámsmiðstöð CDI Univerzum, Ljubljana
(CDI Univerzum, Center for Distance Education)**

Nýbreytni í rekstri: breytingar útfærðar til að stuðla að nemendamíðaðri nálgun við les- og talfærni í tungumálamiðstöðinni

Síðastliðin fjögur ár höfum við innleitt miklar breytingar í tungumálamiðstöðinni varðandi það hvernig nemendur þjálfa les- og talfærni sína. Þetta hefur verið gert með því að kynna nemendamíðaðri nálgun, einkum í tengslum við val á heimildum og námsefni.

Nemendur okkar eru fullorðin fólk, flestir þeirra í fullri vinnu, og þeir eru annað hvort í framhaldsnámi eða á endurmenntunarnám-

skeiðum. Í mörgum tilvikum verða þeir að standast erlent tungumálapróf til að eiga möguleika á prófskírteini í öllum sérhæfðum námsgreinum (t.d. rafeinda- eða vélaverkfræði). Því eru nemendur okkar oft undir álagi vegna tíma-skorts og getur það leitt til mynsturs sem einkennist af slakri mætingu, slökum árangri, lélegum einkunnum sem aftur leiðir af sér minnkandi námsvilja.

Raundæmi

Ákveðið var að færa áhersluna frá sjónarhóli kennara nær sjónarhóli nemenda til að auka sjálfstýringu þeirra og þar með áhuga þeirra. Til að framkvæma þetta urðum við að byrja á að umbreyta hlutverki kennara, frá því að vera sá sem tekur allar ákvarðanir um efni, starfsemi, fjölmiðla, stundaskrár og vinnuaðferðir í það að einbeita sér frekar að öðrum þáttum t.a.m. að velja, framleiða og skipuleggja ýmis gögn sem hjálpa nemendum að verða sjálfstæðari.

Það eru ýmsar leiðir til að stuðla að nemendamíðaðri nálgun í LRC. Þær breytingar sem kynntar voru í tengslum við les- og talfærni reyndust afar árangursríkar:

- **Lesfærni:** 'skyldulesning' er hluti námskeiðanna. Þrátt fyrir það er nemendum boðið uppá fjölbreytt lesefni sem þeir geta valið um, frekar en að þeir séu neyddir til að lesa fyrirfram ákveðið efni. Við bjóðum uppá u.p.b. 40 titla, meðal annars bækur sem þekktar kvikmyndir byggja á eða bækur sem nemendur hafa áður lesið í Slóveníu. Efnið má lesa í LRC eða fá að láni. Nemendur taka ábyrgð á að velja viðeigandi námsstyrkleika og efni sem þeim finnst áhugavert eða ögrandi. Nemendur eru aðstoðaðir við þetta. Þeir setja sér markmið sem er hluti af námsferlinu og við það fá þeir einnig aðstoð. Þeim eru ráðlagðar mismunandi aðferðir sem þeir geta beitt við undirbúning fyrir leshluta prófsins. Einnig eru nemendur hvattir til að nota netið, þar sem þeir geta

nálgast lesskilningsæfingar og fjölda lesæfinga.

- **Talfærni:** munnlega prófið var áður samansett af ákveðnum umfjöllunarefnum sem oft á tíðum voru of almenn til að örva nemendur og leiddi því til lakrar frammistöðu. Í flestum tilfellum var það ekki sökum tal-kunnáttu nemenda að þeir gátu ekki tjáð sig um efnið heldur vegna áhugaleysis á því. Tekið var á þessu vandamáli með því að leyfa nemendum og hvetja þá til að velja sér sjálfir umræðuefni. Útbúið voru gögn sem byggð voru á því fjölbreytta efni sem til var í LRC (yfirleitt efni fundið á netinu) og áhersla lögð á að aðstoða nemendur við að taka ábyrgð á eigin námi. Í kennslustundum fékk hver nemandi tækifæri til að láta í ljós og rökstyðja skoðanir sínar, ásamt því að deila hugmyndum og álitinu með öðrum.

Í ljós kom að þær breytingar sem gerðar voru á les- og talfærni nemenda í LRC, voru mjög hvetjandi. Það hefur reynt mun áhugaverðara að vinna með nemendum sem útbúa sjálfir eigið námsefni tengt vinnu sinni eða áhugamálum og er þ.a.l. meira hvetjandi fyrir nemendur. Munnleg próf eru talin vera orðin 'mennskari'. Nemendur eru sammála um að prófin eru minna streituvaldandi. Þeir finna hvatningu í því að geta notað erlenda tungumálið til að tala um eitthvað sem tengist lífi þeirra og því hefur þekking og árangur aukist samhliða.

Ábendingar

- Hvernig tengja á landsnámsskrá hvernar þjóðar við CEF námsstig. Staðlað umhverfislíkan (finnsk ráðlegging)
 - ▶ veljið hóp reyndra kennara og kynnið fyrir þeim námsstig CEF og útskýringar á því
 - ▶ útbúið lýsingu á frammistöðumati í þeim flokkum sem á við um viðkomandi land
 - ▶ samkomulag þarf að nást um mælikvarða í flokkunum með hópvinnu og samræðum
 - ▶ takið saman mat frá einstaklingum og úr hópvinnu
 - ▶ útbúið, endurskoðið og ljúkið við frammistöðustaðla
 - ▶ takið saman gild gögn og faglega heimildasöfnun.
- Upplýsinga- og fyrirspurnarþjónusta – ef mikið er af fyrirspurnum um sama efni, hugleiðið að nota *Algengar spurningar (AS /FAQs)* eða *upplýsingabæklinga* til að spara tíma og tryggja samsvörum í svörum.

Úrræði

Aðbúnaður

- Hverjar eftirfarandi 'auðlinda' eru til staðar í tungumálamiðstöðinni?
 - **Mannauður:** kennarar, tungumálaráðgjafar, starfsmenn í móttöku og upplýsingum?

- **Prentuð gögn:** bækur, meðal annars námsefni, tilvísunargögn, tímarit, dagblöð/fagrit, önnur hversdagsleg gögn, upplýsingabæklingar, vinnublöð, veggspjöld, flettspjöld, leiðbeiningabæklingar um notkun á tækjum og aðstöðu?
- **Myndbönd (eða DVD):** kennslu-/námsefni, fræðslumyndbönd, kvikmyndir (jafnvel með neðanmáls-texta á erlenda tungumálinu), sjónvarpsupptökur?
- **Beinar gervihnatta-/stafrænar útsendingar:** sjónvarp eða útvarp (fyrir fréttatengt efni)?
- **Hljóð (hljóðsnældur, CD-ROM):** kennslu-/námsefni, málversbundnar æfingar fyrir framburð, útvarps-upptökur?
- **Hugbúnaður:** námsgögn (með prentuðum/myndrænum/hljóm-og myndbandsþáttum)?
- **Beinlínutengt:** Vefgrunduð gögn (rafræn tímarit, beinlínutengd gagnasöfn, eigin vefsíður, skrár yfir tengla, veraldarvefurinn)?

Efni

- Hvaða 'efni' hæfir mismunandi notendahópum?:
 - **Nemar (öll stig):** námsgögn, vinnublöð með aðferðarfræðilegum ráðleggingum/leiðsögn um stefnu-mörkun námsins, flettit, kennslubækur og ítarefni, efni úr daglegu lífi (t.d. dagblöð), tungumála-kennsluefni í formi leikja og hugbúnaðar, gögn/möppur um tiltekin efni?
 - **Kennslustarfslið og aðrir notendur:** kennsluefni/kennslubækur, flettit, efni úr daglegu lífi, hagnýt málvísindi, meginatriði aðferðafræði fyrir tungumálakennslu og -nám, efni til stuðnings verkefnavinnu í blandaðri námskrá, próf, löggjöf, fræðirit og önnur tímarit, upptökur úr erlendu máli?

Raundæmi

Gagnamiðstöð erlendra tungumála (CRLE), Barcelona (Centre de Recursos de Llengües Estrangeres)

Útvegum úrræða á mismunandi formi og hvernig kennarar nota þau

Helstu notendur miðstöðva okkar eru kennarar erlendra tungumála á almennu og framhaldsstigi. Há okkur gildir sú regla að veita sérstakan stuðning þeim kennurum erlendra tungumála sem hafa mikla reynslu, þrautreynda sérfræðiþekkingu og mikinn metnað til nýsköpunar í greininni (t.d. með þátttöku í Evrópuverkefnum eða innlendum brautryðjandaverkefnum; starfað sem æfingakennarar eða hafa skrifað kennslubækur).

CRLE starfsfólk hefur í boði ráðgjöf og stuðning við fagfólk í þeim mörgu erlendu tungumálum sem nú eru í kjarna- og valnámskrám, meðal annars er:

- boðið uppá ráðgjöf skv. samkomulagi (stefnumót), gegnum síma eða fyrirspurnir með tölvupósti. Ráðgjöf og upplýsingar vegna styrkja, kennslugagna, nýsköpunarverkefna o.s.frv.
- lánþjónusta fyrir áhorfs- og hlustunar-efni sem hægt er að nálgast gegnum beinlínutengdan lista á slóðinni (www.xtec.es/cgi/mediateca_crle)
- stofnunin hefur vefsíðu sem er reglulega uppfærð (www.xtec.es/crle) sem kennarar hafa aðgang að til að nálgast eftirfarandi:
 - stuðningsefni sem hægt er að sækja af netinu, hannað og útgefið af CRLE til að kynna nýjar aðferðir eða til að kynna nýjar stefnur í menntun t.a.m. sýnis-eintök og viðmiðunarreglur fyrir grunn- og framhaldsnám í ensku, frönsku og þýsku
 - útlitun og upplýsingar um lokafrest fyrir þátttakendur í mismunandi nýsköpunaráætlunum

- listi yfir ýmsa vefsíðutengla sem geta verið hjálplegir fyrir þau þrjú erlendu tungumál sem eru algengust í tungumálakennslu
- verkefnið netið í kennslustofunni (ráðstöfun faglegs námsefnis á vefnum – www.xtec.es/aulanet) samanstendur af efni fyrir tvö námskeið í ensku, enska fyrir framhaldsstig og eitt námskeið á mörkum grunn- og framhaldsstigs
- stuðningsefni við nám á netinu, þróað af kennurum og sérmenntuðum hönnuðum námsgagna skv. eftirspurn.

Við bjóðum einnig uppá:

- ráðstöfun tækja (vélbúnað og hugbúnað) til kennsludeilda erlendra tungumála í öllum ríkisskólum
- ráðstöfun námsefnis til þeirra 80 kennaramiðstöðva í Katalóníu (þ.e. dreifður aðgangur)
- ráðstöfun eyrnamerktra sjóða til að aðstoða skóla við framkvæmd nýsköpunarverkefna
- ráðstöfun efnis sérstaklega ætluðu æfingakennurum og útgáfur heimildarefnis fyrir skóla, sem taka þátt í nýsköpunarverkefnum

Í gegnum opinbert staðlað kerfi höfum við einnig heimildir fyrir fullorðna nemendur erlendra tungumála og kennara þeirra:

- beinlínutengd, gagnvirk eldri gögn úr opinberum prófum fyrir sjálfsnám í ensku, frönsku og þýsku (www.xtec.es/crle/eoi), inniheldur einnig myndbandshluta fyrir stig B1 skv. staðli Evrópuráðsins um sam-

Raundæmi

- eiginlega evrópska rammaáætlun í tungumálakennslu og -námi (CEF)
- lánþjónusta með opinber prófgögn sem hafa áður verið notuð á katalónsku, ensku, frönsku, þýsku, ítölsku, rússnesku og spænsku á tveimur mismunandi stigum, B1 and B2 útgefið af CEF
 - ráðstöfun dæma um opinber stöðluð próf (á basknesku, ensku, frönsku, grísku,

hollensku, ítölsku, japönsku, katalónsku, kínversku, portúgölsku, rússnesku, spænsku og þýsku) á tveimur mismunandi stigum, B1 og B2 útgefið af CEF.

Mismunandi leiðir til að nálgast gögn og möguleika þeirra á mismunandi sniði gerir okkur kleift að ná til breiðs áheyrendahóps.

Raundæmi

Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands, Reykjavík

Sköpun netúrræða með útgáfu verka nemenda á veraldarvefnum

Í tungumálamiðstöð Háskóla Íslands eru kennd fimm erlend tungumál í stýrðu sjálfsnámi: danska, enska, franska, spænska og þýska. Stýrt sjálfsnámskerfi felur í sér klukkustundar langan fund í hverri viku með leiðbeinanda sem stýrir litlum hóp, með fjórum til sex nemendum. Að öðru leyti stunda nemendur tungumálanámið á eigin vegum, undir leiðsögn og yfirumsjón leiðbeinandans.

Námsárinu er skipt niður í tvö þrettán vikna misseri. Námskeiðin á haustmisseri bjóða uppá breitt efnissvið, en á námskeiðum vormisseris er aðaláherslan lögð á tvö eða þrjú megin fagsvið þar sem nemendur geta valið úr tvo efnisþætti sem samræmast áhugasviðum þeirra.

Í fyrstu kennslustund vormisserisins er sjónum beint að stefnumörkun og markmiðum einstaklingsins. Efnisþættirnir tveir eru síðan valdir úr fagsviðunum tveimur í samráði við leiðbeinanda og samnemendur. Í heildina er því farið yfir tvo mismunandi efnisþætti á hvern nemanda í námskeiðinu og hver nemandi eyðir sjö vikum í að vinna með hvorn efnisþátt fyrir sig. Efnisþættirnir sem nemendur velja sér ættu að tengjast heimalandi þeirra. Það hefur þótt hagkvæmt fyrir nemendur að geta átt samskipti við móðurmálsnotendur erlenda tungumálsins, til dæmis við leiðsögn, við alþjóðleg viðskipti og þegar ráðstefnur eru sóttar.

Gagnrýnar samræður og óformlegar kynningar á efnisþáttunum fara fram í næstu tveimur kennslustundum. Þetta er gert til að auka samskiptahæfileika og þróa efnið upp að því marki að nemendur geti skerpt útlínur, orðið meðvitáðir um mismunandi heimildir sem hægt er að nota og skipulagt innihaldið í meiri smáatriðum.

Fjórdá, fimmta og sjötta kennslustund eru aðallega miðaðar við úrvinnslu efnis í rituðu

máli. Samnemendur meta fyrsta uppkast og viðbætur eru gerðar. Svo er þeim skilað til leiðbeinanda til frekara mats. Formlegar kynningar á efninu fara fram. Á þeim kynningum er nemendum frjálst að taka atburðinn upp á myndband eða bjóða móðurmálsnotendum erlenda málsins að taka þátt. Nemendur klára svo endanlegt skjal sem síðan er birt á netinu í gegnum heimasíðu tungumálamiðstöðvarinnar Forum Islandiae.

Birting textanna skapar frumlegan vettvang sem hvetur nemendur til að notast við mikilvægar aðferðir sem beita þarf þegar textar eru birtir á netinu, t.d. málfraðilega nákvæmni, skipulagt samræmi, notkun á þróuðum orðaforða og samtengingum, notkun á tenglum og útlitshönnun skjalsins. Nemendur fá tilögur frá móðurmálsnotendum erlenda málsins sem eru beðnir að skrifa stutta umsögn um skjalið/greinina, sem er einnig birt á sömu vefsíðu. Þannig eru nemendur hvattir til að fletta í gegnum vefsetrið með því að nota mat hvers annars sem hluta af námsferlinu.

Í sjöundu viku skila nemendur inn skriflegri námsmatsskýrslu um sjálfa sig. Auk þess fara fram gagnrýnar samræður þar sem nemendur skoða námsferil sinn og framfarir. Ný markmið eru rædd og ákvarðanir teknar. Val á seinni efnisþættinum er staðfest, eða nýtt efni valið.

Þetta ferli er endurtekið í seinni hluta námsins.

Í lok námskeiðsins hafa nemendur:

- unnið með breytilega málnotkun markmálsins og upplifað það ferli sem skapar sjálfstæða námstækni og sjálfstæða hugsun
- öðlast skilning á kostum sjálfsmats og mats samnemenda sinna
- sýnt fram á mikilvægi þess að setja sér markmið í tungumálanámi til lengri og skemmri tíma.

Ábendingar

- Hvetjið notendur til að útbúa eigið efni. Eftir að búið er að prófarkalesa, er hægt að bæta því í gagnasafn tungumálamiðstöðvarinnar.
- Hugsið einnig um notendur sem 'auðlind', sbr. jafningjakennslu, tvímenningakennslu og nemendaskipti.

Ábendingar

- Hægt væri að koma á fót lánþjónustu fyrir foreldra með þjóðlegum sögubókum. Það getur stuðlað að því að börn heyri tungumálið mun meira í umhverfi sínu, og aukið öryggi foreldra í talmáli erlenda tungumálsins.
- Hugleiða má ókeypis hugbúnað sem hægt er að nálgast á netinu, til þróunar og hönnunar gagnvirks kennsluefnis.
- Þegar hugbúnaður er keyptur, munið að ganga úr skugga um að búnaðurinn sé netvirkur, að hægt sé að uppfæra hann o.s.frv.
- Góð hugmynd er að skoða vefsíður útgefenda því þar er oft að finna sýnishorn notandanum að kostnaðarlausu. Oft sjá þeir notandanum fyrir ókeypis eintökum, sérstaklega ef notandinn er kennari.
- Gleymið ekki að halda skrá yfir efni sem er lánað, til að stuðla að hraðari dreifingu heimilda frá notanda til notanda.

Innkaupastefna

- Er ákveðin innkaupastefna til staðar í tungumálamiðstöðinni – hver semur hana/hversu oft er hún endurskoðuð?
- Er hún sniðin að verkefnislýsingu LRC, þörfum notenda og aðstöðunnar sem er til staðar?
 - Segir hún til um umfang og stærð safnsins?
 - Hvaða svið tungumála þarf að styrkja og á hvaða stigi?
 - Hve mörg eintök (eða hugbúnaðarleyfi) þarf fyrir hverja heimild?
 - Er samskiptaboðleið til kennara fullnægjandi til að tryggja að til er nóg af þeim heimildum sem þeir eru að mæla með við nemendur sína?
- Er innkaupastefnan tiltæk fyrir notendur – ef svo er, hvernig/hvar?
 - Geta notendur komið með athugasemdir/lagt fram tillögur um kaup á efni fyrir safnið?
- Hvernig er gengið úr skugga um að fylgst sé með því sem til er á markaðnum?
 - Er reglulegt samband við útgefendur og framleiðendur efnis – er miðstöðin á póstlista þeirra til að fá upplýsingar um nýjar heimildir/efni?
 - Hvernig fer öflun heimilda fram fyrir minna notuð, töluð og kennd tungumál (LWULT) eða tungumál töluð af minnihlutahópum innan stærra og ólíks málsvæðis – hefur verið hugleitt að leita eftir samstarfi við sendiráð og önnur menningarsamtök eða leita eftir heimildum á netinu?

Ábending

- Notið spurningarlista til að safna saman hugmyndum notenda um innkaup.

Skráning

- Er hægt að skrá og flokka heimildir/gögn nægjanlega með því að notast við núverandi skráningar- og flokkunarkerfi?
- Hver hefur aðgang að skrá: starfsfólk, núverandi notendur, væntanlegir notendur?
- Hvernig er hægt að nálgast skrána?
 - Er hún tiltæk á prenti/beinlínutengt (opinberlega eða með leyniorðaöngangi)?
 - Geta notendur og starfsfólk nálgast notendavænar, en nægjanlega ítarlegar leiðbeiningar um hvernig nota eigi skrána?
- Eru skrárnar og skráningarkerfin í samræmi við innkaupastefnu?
- Ef breytingar eru á döfinni, hafa fyrirliggjandi kerfi verið skoðuð?
- Þurfa skrárnar að vera samræmanlegar MARC-sniði (til notkunar í samskrá) eða eru þær eingöngu til afnota fyrir starfsmenn og notendur?
- Leyfir skráningin að fylgst sé með fjölda lausra eintaka, staðsetningu þeirra, hvort þau séu í útláni o.s.frv.?

Raundæmi

**Miðstöð nútímamála innan Evrópuráðsins (ECML), Graz, Austurríki
(European Centre for Modern Languages of the Council of Europe)**

Áfangar á þeirri leið að fá nýtt bókasafnsstjórnunarkerfi fyrir skjala- og bókasafnsmiðstöð á vegum ECML sem opnar fyrir netaðgang að skrá

Núverandi bókakostur ECML samanstendur af um 3800 skjölum. Frá 1995 hefur skjala- og bókasafnsmiðstöðin notað gagnagrunn sem veitir ekki netaðgang að skrá hennar. Árið 2001 ákvað ECML að fá nýttiskulegan og skilvirkan tækjabúnað í stað núverandi kerfis til þess að:

- opna sérfræðingum og öðrum áhugasömum notendum leið allan sólarhringinn til að skoða og sækja hefðbundin og rafræn ECML-gögn
- mæta öllum grundvallarþörfum bókasafns sem nýtir sér sjálfvirkni- (öflun aðfanga, skráningu, leit í því, útlánun, geymslustýringu, skýrslugerð og tölfraði, vefviðmót (WebOPAC) ...).

Í fyrsta áfanga rannsaði skjala- og bókasafnsmiðstöðin núverandi og hugsanlegar framtíðarþarfir ECML og skilgreindi hverjir þeir hagsmunaaðilar væru sem þetta verkefni snerti.

Parfagreiningin tók mið af eftirfarandi þáttum: almennu skipulagi og starfsemi stofnunarinnar (ECML er útstöð Evrópuráðsins), núverandi innri gerð, hverju er úr að spila, vandkvæðum sem fram hafa komið á mismunandi stigum, og væntingum.

Núverandi aðstæður voru sundurgreindar með því að:

- taka viðtöl við viðkomandi starfsmenn ECML og Evrópuráðsins
- skoða sýningu sem Félag austurrískra bókasafnsfræðinga heldur ár hvert
- sækja upplýsingafund um nýjungar í bókasafnsforritum sem skipulagður var af söluadila á staðnum
- safna viðeigandi upplýsingum um bókasafnskerfi og söluadila eða framleiðanda.

Þessir áfangar gerðu mönnum kleift að fá betri innsýn í hvað það er sem núverandi og væntanleg forrit hafa upp á að bjóða.

Skilgreindar voru þær kröfur sem gerðar eru til virkni, tæknigetú (fjölverkavinnsla, fjölgjörva-vinnsla, fjölforskrift, fjölstaðsetning, fjölmála umhverfi, tækni, vélbúnaður, öryggi ...) og stöðlunar og skýrðar voru sem 'skyldubundin' eða 'valfrjáls' atriði í útboðinu.

- Útboðsgögnin voru send til fjórtán söluadila eða framleiðenda víða í Evrópu (aðallega í Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi) og af þeim skiluðu átta inn tilboðum sem voru mismunandi vel útfærð.
- Samanburðartöflur gerðu tungumálastöðinni kleift að meta samræmið við/skilninginn á útboðsgögnunum og fyrstu kostnaðar-áætlanirnar.
- Þegar á heildina er litið var verðlagningin byggð á stærð safnsins og mismunandi stigum og fjölda notendaleyfa.

Kerfið, sem var valið, býður upp á bestu og hagkvæmstu forritin sem völ er á. Það hefur stóran notendahóp (Evrópuráðið þar með talið) og mætir öllum kröfum tungumálastöðvarinnar. Það býður einnig upp á viðunandi sveigjanleika án þess að mikið þurfi að gera til að sníða það að þörfum hvers notanda sem gæti valdið vandamálum þegar fram koma endurbættar útgáfur. Það styður alla nauðsynlega staðla og uppfærslur á þeim. Fyrirtækið sér mjög skýrt hvað til þarf til að gangsetning kerfisins verði vandkvæðalaus. Ennfremur getur ECML einnig haft gagn af sérfræðikunnáttu og stuðningi aðalbókasafns Evrópuráðsins.

Í næstu áföngum (2002-2003) er fyrirsjáanlegt að hyggja þurfi að gagnabreytingum, endurskráningu í samræmi við evrópska orðalistann yfir menntamál á vegum Evrópuráðsins (þó að nýja kerfið geti ráðið við skráningarheiti ECML), því að hanna notendaviðmót, koma skrá safnsins á framfæri og gera notkunarprófanir.

Raundæmi

**Upplýsingamiðstöð um tungumálakennslu og -rannsóknir (CILT), London
(The Centre for Information on Language Teaching and Research)**

Aðgangur veittur að skráum CILT í gegnum Netid

Þegar skránni hjá CILT var breytt úr spjaldskrá yfir í tölvutækt form árið 1996 var þegar búið að sjá fyrir að næsti áfanginn yrði sá að gera skrána aðgengilega á Netinu. Vonast var til að þetta myndi reynast notendum um gervallt Bretland – og víðar – nothæft bókasafnsverkfæri sem þeir gætu nýtt sér til þess að koma auga á gögn og efni hvort sem þeir sæju sér færnt að heimsækja bókasafnið sjálfir eða ekki.

Umbreyting á skránum reyndist erfitt viðfangs-efni, því oft var um að ræða lítt þekkt rit og gögn

í mismunandi formi og ekki var hægt að nota þá hefðbundnu aðferð að tengja skrár við ISBN-kóða. Starfsmenn voru of fái og aðstaðan ófullnægjandi til þess að geta framkvæmt þetta verkefni og fyrirtækið, sem var ráðið til þess að umbreyta skránni, hafði ekki þá sérfræðinga sem þurfti til þess að slá á réttan hátt inn upplýsingar á mörgum ólíkum tungumálum. Enn annar vandi var sá að við innsláttinn var gögnum ætlað svæði af afmarkaðri lengd og í mörgum tilfellum varð það til þess að upplýsingarnar urðu endasleppar. Þegar starfsmað-

Raundæmi

ur er við höndina til þess að aðstoða notandann er að vissu leyti hægt að vinna gegn áhrifum af ónákvæmni í skránni. Slík aðstoð er ekki til staðar á sama hátt þegar notandinn er fjartengdur með netaðgangi að skránni.

Ákvörðunin um hvaða vefviðmót (OPAC) skyldi nota fyrir nettengda skrá var í rauninni ekki flókin. Fljótlega kom í ljós að skráningarkerfi og vefviðmót eru samofin hvort öðru og það að reyna að nota aðra gerð vefviðmóts (eða vefviðmót frá öðrum framleiðanda) en þá sem var hönnuð til notkunar með viðkomandi skráningarkerfi yrði bæði þungt í vöfum og dýrt. Þar sem skráningarkerfið, sem var þegar í notkun, hafði í fyrstu ekkert vefviðmót (WebOPAC) var jafnvel athugað hvort byrja skyldi aftur frá grunni með annað skráningarkerfi. En eins og málin skipuðust gerðist þess til allrar hamingju ekki þörf.

Um leið og vitað var hvaða vefviðmót (WebOPAC) skyldi nota og hverjir möguleikar þess væru var hægt að hefjast handa við þá undirbúningsvinnu sem þurfti að gera áður en skráin var nettengd.

Undirbúningsvinnan fólst í því að:

- endurbæta gögn, meðal annars að bæta inn staðsetningum og færa til útgáfudag-

setningar sem höfðu oft verið færðar inn í rangt svæði:

- af fyrrgreindum ástæðum var þetta mikild verk, en alveg nauðsynlegt ef fjartengdir notendur áttu að geta haft fullt gagn af skránni
- skrifa athugasemdir um hvernig nota mætti skrána:
 - áður en þetta var framkvæmanlegt þurftum við að öðlast nákvæma þekkingu á því sem skráin hefði upp á að bjóða þegar til ætti að taka. Til að koma notendum hennar að sem mestu liði vildum við ekki aðeins greinagóðar leiðbeiningar heldur líka skýringardæmi sem ættu við þessa notendur frekar en þau dæmi sem hugbúnaðarfyrirtækið kæmi með
- smíða vefsíðu til þess að koma skránni inn í CILT-vefinn:
 - þetta mál skipti okkur verulegu máli og er þess virði að forvitnast um strax frá upphafi ef tungumálastöðin er hluti af stærra kerfi. Þetta var gert í samvinnu við vefstjórnann hjá CILT.

Miðað við þau góðu viðbrögð sem við höfum fengið erum við viss um að þetta var vel fyrirhafnarinnar virði.

Ábendingar

- Leitið að eftirfarandi einkennum þegar vefviðmót (WebOPAC) er valið:
 - ▶ auðvelt á að vera að sníða textann að þörfum notandans
 - ▶ aðlaðandi neytendaviðmóti sem er jafnframt auðvelt í notkun
 - ▶ hægt sé að leita á hvaða svæði sem inniheldur markverðar upplýsingar, þ.e. ekki aðeins nafn höfundar, titil, efnisyfirlit
 - ▶ hægt sé að leita samtímis á fleiri en einu svæði
 - ▶ hægt sé að velja og prenta út skrár.
- Notfærið ykkur þau kerfi sem þegar eru fyrir hendi og sérfræðinga á þessu sviði frekar en að 'finna aftur upp hjólið'.
- Endurnýjun gagnaskrárinnar gefur tilvalið tækifæri til að fara yfir öll tengd kerfi og vinnsluáferðir (hvað er hægt að gera sjálfvirk, hvaða vinnu mætti sleppa ...).

Framsetning gagna

- ☐ Hvernig eru gögnin gerð notendum aðgengileg?
 - Er búið að veга og meta þá valmöguleika að hafa lokaðan eða frjálsan aðgang, þ.e. geta notendur afgreitt sig sjálfir eða þarf að fá starfsmenn til að afhenda (sum) gögn af öryggisástæðum?
- ☐ Eru gögnin sýnd og þeim raðað í hillur eftir stafi, tungumáli, stigi eða öðru kerfi?
- ☐ Eru gögnin sett fram, eins og við verður komið, á þann hátt sem ýtir undir sjálfstæði notenda (frjáls aðgangur, auðskilið, aðlaðandi uppsetning)?

Raundæmi

Tungumálastöð Lúxemborgar (CLL), Lúxemborg (Centre des Langues Luxembourg)

Haldið utan um gögn á ólíkum tungumálum: skipulagning og uppsetning efnis á átta tungumálum í gagnamiðstöð með frjálsum aðgangi

Lúxemborg er land þar sem margar tungur búa; innfæddir hafa yfirleitt gott vald á þeim þremur tungumálum sem eru opinber þar í landi

Raundæmi

(lúxemborgíska, þýsku og frönsku) og hafa grundvallarþekkingu á öðru erlendu máli svo sem ensku, spænsku, ítölsku eða portúgölsku.

Menntakerfið endurspeglar í stórum dráttum mállegan fjölbreytileika landsins: nemendur hafa mjög ólíkan bakgrunn og koma hvaðanæva að úr heiminum. Kennsluefni og námsgögn þurfa því að vera fjölbreytileg og hæfa nemendum sem eru langt komnir í námi eða byrjendum að nafninu til, svo og algjörum byrjendum, en sumir þeirra síðarnefndu eru illa læsir.

Í médiathèque, margmiðlunarsafni, geta nemendur orðið sér úti um námsgögn á átta tungumálum: frönsku, þýsku, ensku, lúxemborgísku, hollensku, ítölsku, spænsku og portúgölsku.

Almennar upplýsingar, leiðbeiningar og helstu reglur eru skrifaðar og birtar á þremur tungumálum. Til þess að hið ritaða orð yrði ekki eitt um það að leiða notendur áfram var flokkun efnis auðkennd með litum og táknum.

- Hvert tungumál er auðkennt með lit. Bleikt er til dæmis notað fyrir umsóknareyðu-

blöð, verkefnablöð, kassettu- og geisladiskahulstur, o.s.frv. á ensku.

- Innan hvers tungumáls eru öll námsgögnin flokkuð:
 - eftir stigi (byrjendastig = rauður depill, millistig = gulur depill, framhaldsstig = blár depill)
 - eftir fagi (hvert fag hefur samsvarandi tákni).

Stór mynd, sem sýnir yfirlit yfir almenna flokkun, blasir við fyrir framan innganginn.

Listi yfir þau gögn sem eru fyrir hendi í gagnamiðstöðinni:

- efni annað en námsefni:
 - tímarit, dagblöð, skáldsögur, teiknimyndaseriur, leikir, söngvar, kvikmyndir og heimildarmyndir
- útgefin námsgögn til tungumálakennslu:
 - námsbækur, orðabækur, hljóð- og myndbönd, geisladiskar, CD-ROM, bækur og segulbönd fyrir sérstök námsmarkmið
- sérsníðin námsgögn:
 - verkefnablöð fyrir sjálfsnám
 - próf.

Útbreiðsla / efling tungumálanáms og fjölmennningarlegar vitundar

- Hvaða hlutverki getur tungumálastöð gegnt í útbreiðslu og eflingu tungumálakennslu og fyrir hverja?
 - Getur það orðið reglulegur þáttur í starfi ykkar að efla fjölmennningarlega vitund manna og ýta undir starfsemi, félagasamtök og menningarhópa sem starfa á sviði tungumálakennslu og tungumálanáms og kynna það sem út úr starfi þeirra kemur?
 - Getið þið notfært ykkur aðstöðu ykkar sem 'miðdepill' nets (jafnvel þótt lítið sé) og upplýst áhugasama hópa um hvað hver og einn þeirra er að gera og möguleika þeirra í að vera þátttakendur í verkum hvers annars og stuðla þannig að samvirkni og samvinnu?

Raundæmi

Tungumálastöð Háskóla Möltu (University of Malta Language Centre)

Fjölmennningarleg vitund eflid í gegnum tungumálanám

Af því að menningu er alls staðar að finna fer tungumálanemandinn á mis við mikið ef kennarinn býr ekki yfir næmri vitund, þekkingu og hæfni til að nýta sér svo vel fari ólíka þætti úr mismunandi menningu við tungumálakennsluna. Þar af leiðandi leitast tungumálakennslustöðin við að hvetja til frekari athugunar á:

- viðhorfum kennara og nemenda gagnvart ólíkum tungumálum og þeim menningarheimum sem þau eru fulltrúar fyrir
- tungumálaörðugleikum hjá þeim málnotendum sem eru ekki innfæddir
- sérþörfum sem æfingakennarar og reyndir kennarar koma auga á
- hæfni sem kennurum finnst þá skorta en álíta nauðsynlega til þess að efla fjölmennningarlega vitund
- á því að ýta undir fjölbreytni í tungumálakennslustofunni.

Áhrif einstakra menningarheima í tungumálakennslustofunni geta verið neikvæð eða jákvæð. Ef þau eru neikvæð geta þau stuðlað

að árekstrum og valdið sundrunu. Ef þau eru jákvæð geta þau verið afl sem ýtir undir tungumálanám. Tungumálamiðstöðin okkar leitast við að veita tungumálakennurum þá aðstöðu, bolmagn og kennsluefni sem nægir til að gera þeim kleift að stuðla að frjálsu andrúmslofti í kennslustofunni þar sem ólíkir menningarheimar eru viðurkenndir og virtir. Með þessu móti eru nemendurnir frjálssir til og hvattir til að velja eigin aðferðir til að koma námsárangri eða –niðurstöðum sínum á framfæri. Þessum markmiðum er náð með munnlegum flutningi efnisins þar sem fram fara umræður um fjölmörg viðfangsefni og með skriflegum verkefnum þar sem nemendur eru hvattir til að skrifa um vonir sínar og væntingar á opinskáan hátt. Mismunandi samsetning námsgagna og kennsluefnis af hendi tungumálastöðvarinnar ýtir undir nám í samvinnu við aðra, kennslu í litlum hópum og kennslu sem styðst við námsefni frá mörgum menningarheimum.

Raundæmi

Æfinga- og þjálfunarmiðstöð kennara í upplýsinga- og aðferðafræðum (PTMIK), Veszprem, Ungverjalandi (In-service Teacher Training Centre for Methodology and Information)

Þvermenningarleg vitund styrkt í viðburðum með fjölmennningarlegu ívafi í Tungumálastöðinni

Reynslan hefur kennt okkur að ein besta aðferðin til þess að vekja áhuga nemenda á þvermenningarlegum málum og örva þá til þess að læra tungumál er að hafa viðburði með fjölmennningarlegu ívafi og sérstöku þema. Að kennslu og námi frátöldu hefur samkeppni um ólík þvermenningarleg stef borði sérlega góðan árangur í tungumálastöðinni. Uppáhaldspemað er 'hátiðir' því þær tilheyra daglega lífinu og öll menningarsamfélög eiga sínar hátiðir og frídaga. Þetta gerir nemendum kleift að bera saman mismunandi menningarheima og skapar ósjálfrátt hjá þeim þvermenningarlega meðvitund. Samkeppnir eru ekki bara jákvæð leið til að ná til barnanna, heldur líka til kennara þeirra og oft foreldranna líka, og eru því góð leið til að fjölga þeim sem nota tungumálamiðstöðina.

Við teljum mikilvægt að nemendurnir séu leiddir inn í veröld samkeppninnar á léttan og hvetjandi hátt. Því er hentugasta samkeppnin fyrir nemendur á neðri- og efri stigum barnaskóla oft lista- og fündursamkeppni. Við biðjum yfirleitt um teikningar eða veggspjöld, og biðjum nemendurna t.d. að sýna venju eða hefð sem tengist hátiði innan menningarheims erlenda tungumálsins. Þetta gerir vinnuna ekki bara skapandi og ánægjulega, heldur krefur það nemendurna einnig um smávægilega heimildaleit. Þegar börnin eru komin í efri deildir grunnskóla koma smám saman meira krefjandi verkefni, svo sem þýðingar, lestur, ritgerðasmíð, verkefnavinna eða spurningakeppni.

Þegar við skipuleggjum viðburð verðum við að hafa margt í huga. Ef við ákveðum að halda teiknisamkeppni, verðum við að tryggja að við höfum hentugan stað til að sýna teikningararnar þar sem flestir þeir sem heimsækja miðstöðina geta séð þær. Þetta býður líka upp á hentuga leið til að velja bestu verkin með því að bjóða þeim sem heimsækja okkur að veita upphaldsmyndunum sínum atkvæði.

Við höfum komist að því að áhrifaríkasta leiðin til að tilkynna um viðburði fyrir börn er í gegnum skólana. Eftir að við tilkynnum um samkeppnina verðum við að tryggja að við gefum þáttakendum nægan tíma til að:

- senda inn verk (hér þarf að gera ráð fyrir tófum á póstsendingum)
- velja bestu verkin
- bjóða keppendunum til verðlaunaafhendunarinnar.

Hjá okkur tekur þetta ferli yfirleitt fjórar til fimm vikur, sem þýðir, til dæmis, að tilkynna verður um jólasamkeppni ekki seinna en um miðjan nóvember.

Það er okkar reynsla að ánægjulegasta leiðin til að veita verðlaun sé að skipuleggja teiti fyrir þau sem stóðu sig best, þar sem þau geta hitt skipuleggjendurna og hvort annað, farið í leiki og lært meira um þema keppinnar með þáttöku og keppni í að gera allskonar hluti. Það fer eftir fjölda og aldri keppendanna hvernig við skemmtum þeim. Tökum jólasamkeppnina sem dæmi:

- ef við bjóðum til okkar nemendum í neðri deildum barnaskóla, látum við þau yfirleitt hlusta á og syngja jólalög, teikna myndir, fara í jólaleiki eða fönndra. Þar eð þessi aldurs hópur lærir einungis eitt tungumál í skólanum, þá notum við erlenda tungumálið og kennararnir sem koma með nemendum sínum veita oft ómetanlega hjálp.
- ef við bjóðum til okkar nemendum úr efri deildum barnaskóla eða gagnfræðaskóla, þá fá þau flóknari (en samt ánægjuleg) verkefni. Við lausn þessarra verkefna nota nemendurnir bæði tungumálin sem þeir læra í skólanum (til dæmis ensku og þýsku) og jafnframt fá þeir hvatningu í formi annarra tungumála. Þessi verkefni eru byggð á víxl-menningarlegri þekkingu og reynslu. Nemendur geta borið saman hefðir sinnar menningar og menningar erlendu tungumálanna, fjallað um nýlega atburði, rætt um líf og áhugamál nemendanna, ríft upp uppgötvanir sínar í sumarfríum o.s.frv. með því að nota leiklist, spurningakeppni, leskenningsverkefni eða skriftir, netflakk, uppsetningu á skýndisýningum með bún-æði tungumálamiðstöðvarinnar eða...

Ákjósanlegasti fjöldi þátttakenda virðist vera í kringum 30-35 nemendur og fer það eftir stærð herbergisins þar sem teitið er haldið og fjölda skipuleggjenda og aðstoðarmanna sem taka þátt. Teitið þarf ekki að standa mjög lengi. 90-120 mínútna teiti er hæfilegt, með verðlaunaathöfn og veitingum.

Verðlaunin eru breytileg og fara eftir því hvað er í boði – við höfum boðið upp á ókeypis aðgang að miðstöðinni, bækur, veggspjöld, kort, bréfsefni, o.s.fv. Bókauðgefendur eru yfirleitt mjög gjafmildir og bjóða upp á smáverðlaun, svo sem bækur, lestraræfingabækur, veggspjöld, límmiða eða barmmerki. Styrktaraðilar hafa stundum efni á að gefa verðmætari verðlaun, og þá er etv. hægt að bjóða upp á geisladiska, stuttar námsferðir eða tungumálanámskeið, sérstaklega fyrir eldri nemendur og þá sem heiðra á fyrir framúrskarandi frammi- stöðu eftir margra ára þáttöku.

Raundæmi

Að síðustu bjóða þessir viðburðir upp á góð tækifæri til að auglýsa sig, og því má heldur ekki gleyma að bjóða fjölmiðlum að taka þátt. Í boðsbréfinu til þeirra skal segja frá markmiðum og áætlunum, og einnig skal gefa stuttar bakgrunnsupplýsingar um þema samkeppninnar og um tungumálamiðstöðina.







Boðið upp á nýja þjónustu

- Er ef til vill ekki boðið upp á eitthvað af ofangreindum atriðum, sem samt er aðstaða til að bjóða upp á og sem notendur ykkar (eða hugsanlegir nýjir notendur) gætu hagnast á?
- Er hægt að auka við eitthvað af þeirri þjónustu sem nú er boðið upp á, til dæmis með því að:
 - taka inn ný tungumál
 - bæta við fjarnámsbúnaði eða úrræðum á vefnum
 - opna tungumálamiðstöðina fyrir nýjum notendahópum með því að bjóða upp á þjálfun í samvinnu við útgefendur/útsendingarmiðla/félög eða aðrar stofnanir
 - mynda samstarfsnet og setja upp gagnkvæmar ráðstafanir með nærliggjandi tungumálamiðstöðvum eða öðrum tungumálamiðstöðvum sem sérhæfa sig á ákveðnum sviðum?

Ábending

➔ Best er að byrja á að endurskoða núverandi þjónustu og úrræði áður en fjárfest er í stækkun á tungumálamiðstöðinni.

Gagnlegir tenglar

-  **American Library Association – Samband bandarískra bókasafna**
Samanburðarrannsóknir á mismunandi bókasafnshugbúnaði.
www.ala.org
-  **Tungumálastoðkerfi CIEL**
Hvatning til sjálfstæðs tungumálanáms
Hér er hægt að hlaða niður handbókum frá CIEL – hagnýtum leiðbeiningum um hvernig má samþætta sjálfstætt tungumálanám og kennsluáætlun í stofnanasamhengi:
3. handbók – Úrræði fyrir sjálfstætt tungumálanám: hönnun og notkun
5. handbók – Stuðningur við sjálfstætt tungumálanám: þróun fyrir nemendur og kennara
<http://ciel.lang.soton.ac.uk>
-  **Sameiginleg evrópsk rammaáætlun í tungumálakennslu og -námi: Nám, kennsla, mat**
Rammaáætlunin er skjal sem lýsir á yfirgripsmikinn hátt:
 - ▶ hæfninni sem er nauðsynleg til samskipta
 - ▶ tengdri þekkingu og kunnáttu
 - ▶ aðstæðum og vettvangi samskipta.
 Hún greiðir fyrir skýrri skilgreiningu á kennslu- og námsmarkmiðum og -aðferðum og sér fyrir nauðsynlegum tækjum til mats á færni.
www.coe.int/T/E/Cultural_Co-operation/education/Languages/Language_Policy/Common_Framework_of_Reference/default.asp#TopOfPage
-  **EBLUL – European Bureau for lesser used languages (Evrópuskrifstofa fyrir minna-notuð tungumál)**
www.eblul.org
-  **European Language Portfolio – Evrópska tungumálamappan**
Evrópska tungumálamappan er skjal þar sem þeir sem eru að læra eða hafa lært tungumál – hvort sem er í eða utan skóla – geta skráð og fjallað um tungumálanám sitt og menningar-upplifanir.
<http://culture.coe.int/portafolio>
-  **Lingua-skráin**
Skrá á netinu yfir tungumálanámsefni, komið upp með stuðningi Sókratesar-Lingua verkefnisins.
http://europa.eu.int/comm/education/socrates/lingua/catalogue/home_en.htm

Gagnlegir tenglar

-  **Lingu@net Europa**
Fjöl máламиðstöð til stuðnings við tungumálakennslu og þjálfun. Gefur upplýsingar um, og tengla við, gæðametin úrræði á Netinu, frá Evrópu og allsstaðar að úr heiminum, sem tengjast kennslu og námi í öllum erlendum nútímatungumálum.
www.linguanet-europa.org
-  **MARC skráning**
Skilningur á MARC, sem er vél-lesanleg skráning á ritaskrá.
<http://lcweb.loc.gov/marc/umb/umbhome.html>
-  **TESOL Arabia Learner Independence Special Interest Group**
Grunnviðmiðanir fyrir val á efni fyrir sjálfstæða nema/sjálfstæðar námsmiðstöðvar.
<http://ilearn.20m.com>
Sjá einnig 'Supplementary resources' á LRC vefgáttinni: www.lrcnet.org

AÐSTAÐA

Nákvæm áætlanagerð getur hjálpað til við að ná sem allra bestri nýtingu á aðstöðu, húsgögnum og búnaði við stofnun eða rekstur tungumálamiðstöðvar. Þessi atriði verður einnig að hafa í huga þegar á að undirbúa stækkun í formi nýrra notenda eða þjónustu. Vönduð áætlanagerð á þessum vettvangi getur einnig hjálpað miðstöðinni til að halda í við nýjustu þróun í kennslutækni, en hún getur verið mikil áskorun fyrir tungumálamiðstöðvar.

Það má læra margt af gamalgrónum miðstöðvum og reynslu þeirra – eða jafnvel mistökum. McCall & Gardner og Miller & Riley bjóða upp á teikningar af mismunandi húsnæði og heilmikið af hagnýtum ábendingum og ráðum. Fréttabréf CERCLES dregur upp mynd af einhverri tungumálamiðstöð í hverju tölublaði, með teikningu og lýsingu á þjónustusviðum. Flestir þeir sem skrifa um þetta efni mæla með að talað sé við skipuleggjendur tungumálamiðstöðva og að eins margar þeirra og hægt er séu heimsóttar áður en sett er upp ný miðstöð eða komið inn með ný, stór þjónustusvið eða -búnað.

Val og staðsetning á húsgögnum og búnaði innan tungumálamiðstövarinnar ætti að skipuleggja með þægindi, hagkvæmni og öryggi í huga. Ef mögulegt er, ætti að skipuleggja staðsetningu búnaðar og húsgagna saman þar eð hönnun og staðsetning annars hefur áhrif á hitt.

Athafnasvæðið

Staðsetning / nýting rýmis

- Hvar er tungumálamiðstöðin staðsett – landfræðilega (í miðbæ eða útjaðri bæjar) og/eða innan stofnunar (innan deildar eða sjálfstæð)?
 - hversu miklu er hægt að breyta/hversu miklu ráða forsvarsmennirnir um (endur)skipulagningu rýmisins (lögun/skipulag/litaval, o.s.fv.)?
 - er pláss fyrir stækkun ef hún reynist nauðsynleg/möguleg?
- Er til teikning af tungumálamiðstöðinni (með nákvæmum mælingum)?
- Hvetur skipulagið, hönnunin og andrúmsloftið í tungumálamiðstöðinni til tjáskipta ásamt því að gera notendum kleift að læra í friði og ró?
- Hefurðu íhugað hvernig þú getur notað rýmið til að styðja við og hvetja til sjálfstæðs náms?
- Hefurðu gert ráð fyrir félagslegum sjónarmiðum/þörf notenda fyrir samskipti?
- Er andrúmsloftið vingjarnlegt/finnst fólki það vera velkomið?
- Hvaða eftirfarandi rými eru nauðsynleg/æskileg í tungumálamiðstöðinni:
 - aðgangur í opnu rými, næði á náms- eða lestrarsvæðum
 - rými til að nota hljómtæki/myndbandstæki/tölvubúnað
 - rými þar sem hafa má hátt
 - þægileg sæti þar sem eiga má óformleg samskipti
 - móttöku-/upplýsinga-/útláns- eða afgangsluborð
 - fyrirspurna-/ráðgjafarborð
 - rými til að sýna efni/bókasafn
 - standar fyrir bæklinga/tilkynningatöflur/sýningarhorn
 - stórir salir

- litlar kennslustofur/einkakennsluherbergi/fundarherbergi
- málver
- þýðingaklefar
- skrifstofur fyrir starfsmenn
- rými fyrir skjalageymslur
- ljósritunaraðstaða
- aðstaða til að setja saman efni
- hljóðver
- kaffistofa (fyrir notendur og/eða starfsmenn)
- geymslur fyrir eigur notenda (yfirhafnir/töskur/regnhlífir)
- salerni
- Hafa eftirfarandi atriði verið höfð til hliðsjónar (með tilliti til hagkvæmni, öryggis og þæginda):
 - lágmarksrými fyrir hvern nemanda
 - rými sem þarf til þess að hægt sé að hreyfa sig með góðu móti
 - aðbúnaður fyrir fatlaða
 - lýsing (þar með talinn glampi af skjám og staðsetning glugga)
 - litasamsetning
 - hitastig (þar með talinn sá varmi sem myndast við notkun tækja)
 - hljóðmengun
 - staðsetning raftengja (þ.m.t. fyrir símatengi, leiðslur og fartölvur notenda)
 - staður og rými fyrir miðlara og kapla
 - staður fyrir fjarskipta- eða gervihnattardisk fyrir upptökur (góður aðgangur þarf að vera að búnaðinum vegna viðhalds)
 - staðsetning net- og símatengja
 - geymslurými fyrir dót og tæki auk hluta í eigu nemenda
 - pláss fyrir hillur og rekka

Raundæmi
Tungumálastöð Lúxemborgar (CLL), Lúxemborg (Centre des Langues Luxembourg)

Úr bókasafni í sjálfsnámsmiðstöð: að breyta hefðbundnu bókasafni í nútímalega margmiðlunar- og námsmiðstöð

Centre des Langues Luxembourg (CLL) er ríkisrekinn tungumálaskóli fyrir fullorðna styrktur af menntamálaráðuneytinu í Lúxemborg.

Vísirinn af því sem nú er orðið að CLL var lítið (nánast falið) bókasafn á þriðju hæð byggingarinnar en þar fór starfsemin fram þangað til í febrúar árið 2000. Á þeim tíma voru það aðallega kennarar sem nýttu sér aðstöðuna sem rekin var sem sjálfstæð eining af bókasafnsfræðingi. Sá var í litlum tengslum við kennslufræðilega þróun stofnunarinnar og breyttar þarfir nemenda.

Vaxandi framboð og fjölbreytni tungumálanámskeiða ásamt auknum sérþörfum nemenda gerðu það að verkum að bæði kennarar og stjórn skólans komu auga á vankanta gamla bókasafnsins. Greinilegt var að nýbreytni var þörf. Nýja tungumálamiðstöðin yrði bæði að vera hlýlegri og notendavænni þar sem safnkostur yrði aðgengilegur fyrir bæði nemendur og kennara. Þarna yrðu namar að geta lært og þeir sem misst hefðu úr hefðu í safninu aðstöðu til þess að vinna það upp.

Til þess að ná þessu markmiði var það sem

síðar átti eftir að verða médiathèque, margmiðlunarsafn, flutt í stórt herbergi á annarri hæð og var því meira miðsvæðis eftir flutningana. Aðstaðan var endurskipulögð samkvæmt áætlun sem gerð var af hópi kennara sem höfðu greint þarfir nemenda í félags- og menningarlegu samhengi. Í námunda var tölvuherbergi komið upp með hugbúnaði fyrir tölvustudda tungumálakennslu.

Safnkosturinn var flokkaður eftir hæfnisviðunum fjórum og mismunandi prófum og námsbókum. Hvert eintak var einnig litamerkt eftir kunnáttu nemenda (byrjendur, miðstig og lengra komnir). Hópur kennara var fenginn til þess að búa til vinnublað með skýringum til þess að gera nemendum kleift að vinna sjálfir með ákveðna þætti tungumálsins. Að sama skapi voru skipulögð námskeið sem áttu að hvetja til sjálfsnáms, í þeim fólust m.a. viku- og lengri tímar í tungumálamiðstöðinni.

Þrátt fyrir þetta, ýtti kerfið lítið eða ekkert undir sjálfstæði og frumkvæði nemenda. Engum tíma hafði í raun verið varið í að skilgreina kennslufræðina sem lá að baki nýju aðstöðunni eða í að gera 'stefnuyfirlýsingu'.

Raundæmi

Það varð því stöðnunartímabil og flestir kennararnir sem áður höfðu verið með vikulega kennslutíma í tungumálamiðstöðinni hættu því, skiptu aftur yfir í hefðbundna kennslu og treystu á frumkvæði nemendanna sjálfra í að nýta sér médiathèque. Flokkunarkerfið varð enn fremur til trafala þar sem það endurspegladi ekki þarfir nemenda.

Í kyrrstöðunni urðu þó samt sem áður nokkrar jákvæðar breytingar:

- komið var á fót tölvuforriti sem hélt utan um námsefni miðstöðvarinnar
- aukin kaup urðu á margmiðlunarefni
- þrjár (nettengdar) tölvur voru settar upp
- aukinn fjöldi nemenda nýtti sér námsmiðstöðina

Flutningur CLL í nýrri og stærri húsakynni árið 2000 markaði tímamót í umbreytingu miðstöðvarinnar og hratt af stað enn fleiri breytingum. Hópur kennara úr öllum deildum skólans var myndaður til þess að fjalla um uppeldis- og kennslufræðilegan grunn námsmiðstöðvarinnar sem og að hjálpa nýráðnum bókasafnsfræðingi við stjórnun og rekstur miðstöðvarinnar.

Í nýju húsakynnum er námsmiðstöðin miðsvæðis (á fyrstu hæð við aðaldyrnar). Staðsetningin endurspeglar mikilvægi margmiðlunar- og námsmiðstöðva fyrir tungumálanemendur nútímans. Vegna þess hversu rík áhersla hefur verið lögð á að auka sjálfstæð vinnubrögð nemenda er skipulag médiatheque sérlega notendavænt:

- nemendur hafa góðan aðgang að því efni sem í boði er
- fyrir framan innganginn hangir stór skýringamynd sem sýnir tengsl táknmyndanna sem hillurnar eru merktar með og flokkunarkerfisins
- deildir safnsins (hljóðskilningsdeild, myndbandadeild og lestrardeild) eru kyrfilega merktar
- skipulagðir hafa verið kynningartímar fyrir nemendur og skýringablöðum komið fyrir í afgreiðslunni til þess að þeir geti æft sig í að finna eitthvert ákveðið efni og auka skilning þeirra á starfsemi médiatheque
- forstöðumaður, kennslustjóri og aðstoðarmaður þeirra, starfrækja miðstöðina í nánú samstarfi við kennara og stjórn skólans
- rafræna skrá má fljótlega nálgast á netinu.

Ábending

- Ef setja þarf þjófavörn á safnkostinn er vert að hafa í huga staðsetningu afgreiðsluborðsins, skynjara og hafa auk þess til hliðsjónar útganga byggingarinnar og öryggiskerfi.

Húsgögn og búnaður

Húsgögn

- Hvers konar húsgögn eru nauðsynleg til þess að þjónustan og safnkosturinn sé notaður sem mest: borð/skrifborð/sæti/sýningarskápar/fatahengi eða skápar/ruslafötur?
- Hefur verið skoðað hvernig húsgögnin passa inn í tungumálamiðstöðina, ef á heildina er litið: þ.e. í sambandi við hönnun, rými, hæð búnaðar og tækja, breidd ganga, lýsingu, kyndingu, loftræstingu, litasamsetningu?

Ábending

- Sveigjanleiki er lykilorðið þegar húsgögn eru valin – príhyrningslaga borð er t.d. hægt að nota nánast hvar sem er.

Búnaður

- Hvað af eftirfarandi er nauðsynlegt að hafa í tungumálamiðstöð til þess að hægt sé að bjóða upp á góða þjónustu og nýta safnkostinn sem best?:
 - tölvur
 - prentara
 - skanna
 - gervihnatta- eða kapalsjónvarp + móttökudisk
 - hlustunarbása
 - vasadiskó eða ferðageislaspilara
 - skoðunarbása (myndbönd/DVD)

- heymartól
- upptökuaðstöðu (jafnvel hljóðver)
- málver
- ljósritunarávél
- fjölfaldara (fyrir hljóðsnældur)
- plöstanarvél
- pappírskera
- bindara
- bókaþvottur
- límmiðaprentara
- stimpla (til þess að merkja safnkostinn)

(Athugið að þessi listi þarf að uppfærast eftir því sem tækninni fleygir fram.)

- Hafa ráðstafanir verið gerðar varðandi upplýsingar um og þjálfun í notkun tækjanna fyrir starfsfólk og notendur?
- Er búnaðurinn stillanlegur, t.d. stólar við tölvur, þannig að hann geti nýst notendum af öllum stærðum og gerðum?
- Er búið að finna birgja og er gott samstarf við þá?
- Við mat á tækjakaupum með kostnaði og uppsetningu, hefur þú viðhaldskostnaður eða samningar um viðhald, þríf, uppfærslur og mögulegar skemmdir verið teknar með í reikninginn?

Ábendingar

- ➔ Það borgar sig að bjóða út verk þegar miklar eða dýrar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á tungumálamiðstöð.
- ➔ Festið heymartól rækilega því þau eiga það til að hverfa.
- ➔ Ein tölva er betri en engin. Hafið í huga að fyrirtæki gætu viljað losna við "gamlan" vélbúnað.
- ➔ Það sparast mikill tími fyrir starfsfólk séu tæki merkt með einföldum notkunarleiddæmum.

Skilti og upplýsingar

- Hvers konar upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar notendum (bæði í safninu sjálfu og utan þess): opnunartímar, upplýsingar um þjónustu, kynningarefni?
- Hefur upplýsingaefnið auðkennandi stíl?
- Er uppsetningin skýr og falleg?
- Eru efnið nýtt og uppfært reglulega?
- Er það litaflokkað eftir tungumáli/námskeiði/námsstigi/efni?
- Er mögulegt að litir og stafagerð séu hentug notendum (t.d. litirnir litblindum og auðlesið letur og tákn fyrir lesblinda)?

Ábendingar

- ➔ Stundaskráin getur breyst hratt í tungumálamiðstöðvum. Iðnhönnunarnemar frá háskólanum í A Coruña bjuggu til fallega viðarstundatöflu úr lausum kubbum með áföstum pinnum. Tákn fyrir hina og þessa kennslutíma voru ljósrituð á límmiða sem kubbarnir voru svo merktir með. Aðferðina við að búa til þessa stundaöflu er hægt að nálgast á APIGA-vefsíðunni (www.apiga.org).
- ➔ Ekki þekja veggj með tilkynningum því þá endar með því að þeim verður ekki veitt nein athygli.

Aðgengi og andrúmsloft

Aðgengi

- Hefur verið haft samráð við fagfólk í þeim tilgangi að gera starfssvæðið, húsgögnin og búnaðinn eins notendavænan og hægt er fyrir fatlaða og notendur með sérþarfir? (Sjá einnig 'Aðgangur' í kaflanum 'Notendur').

Andrúmsloft

- Er dagsbirta fullnýtt og ferskt loft notað til loftræstingar eins og mögulegt er?
 - Er hægt að 'fríska' upp á aðstöðuna með plöntum eða (þar sem aðstæður bjóða upp á slíkt) með aðgangi að svölum eða garðskála?



Önnur aðstaða fyrir notendur

- Er nestisaðstaða, geymslupláss fyrir persónulega muni (yfirhafnir, töskur, regnhlífar) og aðstaða fyrir notkun fartölva fyrir hendi?

Kynning og stækkun á tiltækri aðstöðu

- Vita tilvonandi notendur af aðstöðunni og þjónustunni sem í boði er?
- Hefur þegar verið gert ráð fyrir mögulegri stækkun tungumálamiðstöðvarinnar í framtíðinni?
- Hefur verið athugað hvernig hægt er að útvíkka hlutverk gamallar miðstöðvar með því að aðlagga hana nýjum notendum og/eða þjónustu.
 - Er stærra húsnæðis þörf eða er nóg að nýta betur það sem fyrir er?

Gagnlegir tenglar

-  Séreinkenni tungumálamiðstöðva í *CERCLES* *bulletin*: www.cercles.org
 -  *Upplýsingar og upplýsingatækni fyrir tungumálakennara* ICT4LT Module 3.1 'Managing a multimedia language centre' www.ict4lt.org/en/en_mod3-1.htm
- Sjá einnig 'Supplementary resources' á LRC vefgáttinni: www.lrcnet.org

Heimildaskrá

- Abuja, G, 'Access and resource centres' pp 70–76 in ZSE workshop report No. 45 on *Sprachen-Ressourcenzentren in Europa* (Graz: Zentrum für Schülentwicklung, 2001) available for download on-line (www.sprachen.ac.at/downloads: section 'Autonomes Lernen und Ressourcenzentren')
- Albero, B, 'Les centres de ressources langues: interfaces entre matérialité et virtualité' in *Etudes de Linguistique Appliquée*, 112: 469–482 (1998)
- Benson, P, and Voller, P, editors, *Autonomy and independence in language learning* (Longman, 1997)
- Bosch, M, *Autonomia i aprenentatge de llengües* (Editorial Grao', 1996)
- CERCLES (colloquium papers) *Language Centres: Planning for the New Millenium* (CERCLES, 1997)
- CRAPEL *Mélanges CRAPEL*, 22 (1995) Spécial: Centres de Ressources
- Dam, L, *Learner autonomy 3: From theory to classroom practice* (Authentik, 1995)
- Esch, E, editor, *Self-access and the adult language learner* (CILT, 1994)
- Fernández-Toro, M, *Training learners for self-instruction* (CILT, 1999)
- Gardner, D, and Lindsay, M, *Establishing self-access: from theory to practice* (Cambridge University Press, 1999)
- Grigoriadi-Svensson, M, 'La mise en place d'un centre de ressources: considérations logistiques et pédagogiques' in *Les Langues Modernes*, 3: 31–37 (2000)
- Holec, H, *Autonomy and foreign language learning* (Pergamon Press, 1980)
- Ingram, D, *Language centres; their roles, functions and management* (Amsterdam: John Benjamins, 2001)
- Kenning, M-M. 'Creating an infrastructure for autonomous learning: the resource catalogue' in *System*, Vol 24, 2: 223–231 (1996)
- Little, D, editor, *Self-access systems for language learning* (Authentik/CILT, 1989)
- McCall, J, *Self-access: setting up a centre* (Manchester: British Council, 1992)
- McDevitt, B. 'Learner autonomy and the need for learner training' in *Language Learning Journal*, 16: 34–39 (1997)
- Mozzon-McPherson, M, and Vismans, R, *Beyond language teaching towards language advising* (CILT, 2001)
- Pemberton, R et al, editors, *Taking control: autonomy in language learning* (Hong Kong University Press, 1996)
- Poteaux, N, 'Conception et fonctionnement des Centres de Ressources de Langues à l'université de Strasbourg: reconcilier avec l'apprentissage des langues' pp25–37 in ZSE workshop report No. 45 on *Sprachen-Ressourcenzentren in Europa* (Graz: Zentrum für Schülentwicklung, 2001) available for download on-line (www.sprachen.ac.at/downloads: section 'Autonomes Lernen und Ressourcenzentren')
- Poteaux, N, and Ginet, A, *Language resource centres: shifting from the teacher's perspective to the learner's perspective* (Graz: report on European Centre for Modern Languages workshop, 5/99) available on-line (www.ecml.at/documents/reports/WS199905E.pdf)

Riley P, see 'Notes on the design of self-access systems' in CRAPEL (op cit)

Scheffel-Dunand, D, 'Médiathèque virtuelle au service de l'enseignement et de la recherche' in *Etudes de Linguistique Appliquée*, 112: 495–504 (1998)

Sheerin, S, 'Self-access: State of the art article' in *Language Teaching*, 24(3)–143–157 (1991)

Yeung, L, and Hyland, F, 'Bridging the gap: utilising self-access learning as a course component' in *RELC Journal*, Vol 30, 1: 158–174 (1999)

Aðstandendur

Verkefnisstjóri




UK – CILT: Upplýsingamiðstöð fyrir tungumálakennslu og -rannsóknir (Centre for Information on Language Teaching and Research) hefur, eins og nafnið bendir til, það hlutverk, 'að styðja við erlenda tungumálakunnáttu á öllum sviðum og stigum menntunar og þjálfunar í Bretlandi'. Hún tilheyrir kjarna alþjóðlegs nets upplýsingamiðstöðva og sér um samræmingu Lingu@net Europa, hinnar sýndarmiðstöðvar tungumála á netinu.

www.cilt.org.uk
www.linguanet-europa.org

Umsjónarmenn: *Lid King, Philippa Wright, Michael Hammond, Imke Djouadj, Kita Jiwan*

Aðalsamstarfsaðilar



ECML: Miðstöð nútímamála innan Evrópuráðsins (The European Centre for Modern Languages of the Council of Europe) er staðsett í Austurríki og stuðlar að nýbreytni á sviði tungumálanáms og tungumálakennslu. Takmark hennar er að nýta sem best dæmi um góða framkvæmd, stuðla að umræðu og miðla til sérfræðinga um alla Evrópu auk þess að styðja rannsóknaverkefni til fjögurra ára. Allar upplýsingar má nálgast á heimasíðu miðstöðvarinnar:

www.ecml.at

Umsjónarmenn: *Josef Huber, Catherine Seewald*



Generalitat de Catalunya
 Departament
 d'Ensenyament

ES – CRLE: Gagnamiðstöð erlendra tungumála (Centre de Recursos de Llengües Estrangeres) sér, eins og nafnið bendir til, um að bæta tungumálanám og tungumálakennslu og að stuðla að nýbreytni í framkvæmd námsáætlana á katalónska menntunargeiranum. Hún er staðsett í katalónska menntamálaráðuneytinu og hefur erlenda tungumálakennara á snærum sínum sem og net kennaramiðstöðva í Katalóníu.

www.xtec.es/crle

Umsjónarmenn: *Dolors Solé, Natalia Maldonado, Francesca Vidal*

Útgáfuaðili



GR – KE: Kastaniotis útgáfan (Kastaniotis Editions) var sett á laggimar 1968. Í dag inniheldur útgáfuskrá KE yfir 3000 titla, og í meira en tíu ár hefur hún verið stærst í útgáfu nýrra titla á ársgrundvelli í Grikklandi.

www.kastaniotis.com

Zoobidon+samskiptafyrirtækið hefur átt samstarf við KE varðandi hönnun og uppsetningu vefgáttar tungumálamiðstöðvar LRC-portal.

www.zoobidon.com

Umsjónarmenn: *Maria Kantirou, Dimitris Kalabalikis, Areti Vassiloglou, Panos Zevgolis, Michalis Loukianos, George Agathos*

Aðilar í samstarfsnetinu



AT – ÖSpK: Austurríska málhæfnismiðstöðin (Österreichisches Sprachen-Kompetenz-Zentrum) er miðstöð sem miðar að nýbreytni í tungumálakennslu og tungumálanámi og leggur áherslu á alþjóðlega samvinnu, rannsóknir í nýbreytni tungumálakennslu sem og tengsl og útbreiðslu rannsóknandiúrstaðna um gjörvallt Austurríki.

www.sprachen.ac.at

Umsjónarmenn: *Gunther Abuja, Anita Keiper*



BG – ECET: Evrópsk miðstöð fyrir menntun og þjálfun (Evropski centar za obuchenie I kvalifikacia) stuðlar að eflingu tungumálanáms, þróun og skipulagningu þjálfunaráætlana auk þess að styðja við kennslu-aðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Hún er stærsti þjálfunaraðili í Búlgaríu sem ekki er á vegum skólakerfisins, og miðstöð alþjóðlegs nets evrópskra tungumála- og stjórnunarskóla.

www.europeschools.net

Umsjónarmenn: *Boian Savtchev, Pepa Docheva, Velin Tourmakov*



CZ – CU: Karlsháskóli, Stofnun fyrir tungumál og fagþjálfun við Karlsháskóla í Prag (Univerzita Karlova, Ústav jazykové a odborné přípravy) er vísindaleg kennslustofnun sem sérhæfir sig í að kenna útlendingum tékknesku og í að undirbúa bæði Tékkna og útlendinga undir nám við tékkneska háskóla.

www.ujop.cuni.cz

Umsjónarmaður: *Zdenka Pražáková*



ES – APIGA: Samband enskukennara í Galísíu eru sjálfbóðasamtök sem útvega bæði nýjum og reynðum enskukennurum faglega aðstoð, frá barnaskólastigi og upp á háskólastigi, hvort heldur sem er við ríkisreknar eða einkareknar stofnanir. Auk þess að skipuleggja árlega ráðstefnu og stutt námskeið, reka samtökin einnig tungumálamiðstöð, gefa út tímarit og annað skylt efni, taka þátt í evrópskum verkefnum og þjóna sem áhrifahópur.

www.apiga.org

Umsjónarmenn: *María José Brey, Luis Murado, Xosé Calvo, Anita Demitroff*



ES – CFIE: Miðstöð fyrir endurmenntun kennara og menntunarnýbreytni (Centro de Formación del Profesorado e Innovación Educativa) sér um að veita kennurum á svæðunum Guardo og Saldaña (Palencia) endurmenntun og stuðning í menntunarnýbreytni. Hún er hluti svæðisnets þrjátíu og tveggja CFIE.

<http://centros5.pntic.mec.es/cpr.de.guardo>

Umsjónarmaður: *María Luz Martínez Seijo*



FI – NBE: Menntamálanefnd Finnlands (Opetushallitus/Utbildningsstyrelsen) sér um þróun, mat og upplýsingaþjónustu fyrir eigendur og stjórnendur skóla, kennara, stefnumótendur og atvinnulíf. Þrjú aðalstarfsvið hennar eru þróun í menntunarmálum, mat á menntun og stuðningsþjónusta.

www.oph.fi/english


Umsjónarmenn: *Kalevi Pohjala, Anneli Tella, Birkitta Leppänen*



GR – ILSP: Stofnun fyrir mál- og talvinnslu (Ινστιτούτο Επεξεργασίας του Λόγου, IEA) hefur það að markmiði að styðja við þróun tungutækni í Grikklandi. Sérstaklega hefur hún skapað verkefni í rannsóknum á sviði fræðilegra, hagnýtra málvísinda og máltölvunar, tölvustudds tungumálanáms, málvinnslu, talgervla og -greiningar.

www.ilsp.gr

Umsjónarmaður: *Anna Vacalopoulou*



HU – PTMIK: Æfinga- og þjálfunarmiðstöð kennara í upplýsinga- og aðferðafræðum (Pedagógus-továbbképzési Módszertani és Információs Központ) er miðstöð fyrir leyfisveitingar í hinu ríkisrekna endurmenntunarkerfi. Hún sér einnig um samræmingu stórra verkefna á vegum ríkisins fyrir hönd menntamálaráðuneytisins, svo sem beitingu líkana við gæðaeftirlit. Einnig sér hún um að bæta menntunarúræði fyrir fólk af þjóðflokkum Sinti og Róma, og um þróun og dreifingu annarra valkosta í uppeldisfræði. Auk þess að reka tungumálamiðstöð, styður deild nútímamála PTMIK (staðsett í Veszprém) nýbreytni í tungumálakennslu og stjórnar þjálfun og endurmenntun starfandi æfingakennara.

www.ptmik.hu

Umsjónarmenn: *Agnes de Jonge, Erzsébet Csibi*



IS – UOIS: Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands er þjónustustofnun við Háskóla Íslands fyrir náms- og starfsmenn sem vilja bæta tungumálakunnáttu sína. Miðstöðin býður aðallega upp á aðstoðu fyrir stýrt sjálfsnám í tungumálum. Hún fylgir nýjustu þróun í tungumálanámi og -kennslu.

www.hi.is/stofn/tungumala

Umsjónarmenn: *Eyjólfur Már Sigurðsson, Peter Weiss, Erlendína Kristjánsdóttir*



LU – CLL: Tungumálamiðstöð Lúxemborgar (Centre de Langues Luxembourg) er ríkisstofnun í tungumálakennslu fyrir fullorðna. Menningarlegur og málvísindalegur bakgrunnur nemenda er mjög margbreytilegur. CLL er meðlimur ALTE, þar sem miðstöðin er framsækin opinber prófstofnun í Lúxemborg.

www.cll.lu

Umsjónarmenn: *Annalisa Rana, Guy Bentner, Marc Belche, Ines Quaring, Béatrice Zahlen*



Malta – UOM: Háskóli Möltu (L'Universita ta Malta) er ríkisháskóli Möltu í Miðjarðarhafi. Hann er með tíu deildir og margar rannsóknastofnanir. Í stefnuyfirlýsingu segir að Háskóli Möltu leitist við að vera fræðilega í fremstu röð og að svara kröfum ríkisins.

www.um.edu.mt

Umsjónarmaður: *Charles Mifsud*



NL – CINOP: Miðstöð fyrir nýbreytni í menntun og þjálfun (Centrum voor Innovatie van Opleidingen) Sérhæfing CINOP liggur í því, að styðja við kennara og samtök í þróun nýstárlegra hugmynda. Styrkur hennar felst í því, að samræma fræðilegar hugmyndir hagnýtum kennsluáðstæðum og (erlendu eða öðru) tungumálanámi.

www.cinop.nl

www.trefpunttalen.nl

Umsjónarmenn: *Polly Perkins, Anja van Kleef*



SI – CDIU: Fjarnámsmiðstöð CDI Univerzum (Center za dopisno izobraževanje – UNIVERZUM) eru samtök sem útvega menntun. Námsmenn okkar eru fullorðin fólk, flest í fullri vinnu, en við framhaldsnám eða í endurmenntunarnámskeiðum.

www.cdi-univerzum.si

Umsjónarmaður: *Irena Škulj*

Matsaðili LRC-verkefnis tungumálamiðstöðva

Innra mat: *Laura Rundle*, Upplýsingamiðstöð tungumálakennslu og rannsókna (CILT)

Ytra mat: *Joan Nordlund*, Háskólanum í Helsinki

Evrópubúar hafa nú í æ ríkari mæli áhuga á tungumálanámi, til að stuðla að sjálfspróun, hreyfanleika og auka gagnkvæman skilning. Til að bregðast við þessari eftirspurn í öllum geirum þjóðfélagsins, þá hefur orðið mikil aukning á tungumálamiðstöðvum (Language Resource Centres, LRC). Þessar miðstöðvar eru ólíkar bæði hvað varðar umgjörð og markhópa. En allar halda þær á lofti gildi tungumála og veita námsmönnum tækifæri til að taka ábyrgð á eigin námi.

LRC áætlunin – en þessi handbók er afrakstur hennar – hefur leitt saman fjölbjóðlegan hóp manna sem hefur reynslu af rekstri alls kyns miðstöðva. Með umræðum og ítarlegum athugunum á iðju sinni hafa þau sett saman þetta hagnýta verkfæri, sem má nota í margvíslegu samhengi. Þessi handbók er bæði úttekt á rekstrinum og leiðarvísir fyrir fram-tíðarframkvæmdir. Eitthvað sem ætti að vekja áhuga bæði reynslumeiri sérfræðinga og þeirra sem nýir eru á þessum vettvangi.

Lid King, Director
Centre for Information on Language Teaching and Research (CILT)



Improving support for language learning through
Language Resource Centres



Þetta verkefni er styrkt af
Evrópubandalaginu innan
Sókrates-áætlunarinnar.